**allt**

Hlynur Sigurðsson:

*Fótbolti er skemmtilegastur*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



Björn Almroth:

*Leikari í umdeildri Moodyson mynd*

• svarar spurningum íslenskra áhorfenda

SÍÐA 27



Jóhann Bachmann:

*Hættur að tromma með Írafári*

• arnar þór gíslason tekur við kjuðunum

SÍÐA 30



Úrslitin um Íslandsbikarinn í körfu:

*Snæfell jafnaði metin í Hólminum*

• snæfell vann 2. leikinn 97–93

SÍÐA 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. apríl 2005 – 90. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**ÞRIÐJUDAGUR**



**MILLJÓNIR TIL RÓMAR** Jóhannes Páll II páfi verður borinn til grafar á föstudaginn. Búist er við miklum fjölda trúaðra til Rómar af þessu tilefni. **Sjá síðu 4**

**FLEIRI STÓRHÝSI** Þrír þrettán hæða íbúðaturnar rísa á næstu misserum við Skúlagötuna milli Vitastígs og Barónstígs. Reikna má með að milli 220 og 240 íbúðir rísi á svæðinu á næstu árum. **Sjá síðu 4**

**ÓSANNGJARNAR KRÖFUR** Tyrkneski lagaprófessorinn Haluk Günugur segir ESB setja fram ósanngjarnar kröfur um að í aðildarsamningum við Tyrki verði kveðið á um varanlegar undanþágur frá vissum samstarfsþáttum. **Sjá síðu 10**

**FÁ RÚMA FJÓRA MILLJARÐA** 850 bændur fá 4,2 milljarða króna í beingreiðslur úr ríkissjóði, eða sem nemur tæpum fimm milljón krónum hver. Mjólka, sem hyggst framleiða osta, starfar utan þessa kerfis. **Sjá síðu 2**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**KOMINN VETUR** Snjókoma eða slydda sunnan til en él á norðan- og austanverðu landinu. Léttir til syðra síðdegis. Frostlaust syðra að deginum, annars frost. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**DRENGJAKVARTETT** Vallargerðisbræður, fjórir sextán ára piltar, halda tónleika í Salnum í kvöld klukkan 20. Þeir ætla að feta í fótspor merkisbera íslenskra karlakvartetta.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 26 | Myndlist | 26 |
| Tónlist | 26 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 26 | Sjónvarp | 28 |



**82%**

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Sundabraut er ekki á nýrri vegáætlun

**Ný samgönguáætlun fyrir árin 2005 til 2008 gerir hvorki ráð fyrir Sundabraut né mislægum gatnamótum á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Þá eru engin ný jarðgöng boðuð umfram þau sem hafa þegar verið ákveðin. Þriðja akreinin yfir Hellisheiði ráðgerð árið 2007.**

**SAMGÖNGUR** Engar framkvæmdir eru ráðgerðar vegna Sundabrautar í nýrri samgönguáætlun til næstu fjögurra ára sem kynnt verður á næstunni. Gert er ráð fyrir að verkhönnun hefjist þegar lega brautarinnar hefur verið ákveðin, auk þess sem ákveða skal tilhögun fjármögnunar verksins en um frekari aðgerðir verður ekki að ræða.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, segir ýmsar ástæður fyrir því að Sundabrautin sé ekki á þessari nýju áætlun. „Það er gert ráð fyrir að undirbúningsvinna öll fari af stað á tímabilinu en þar sem þarna er um að ræða afar kostnaðarsama aðgerð og fyrirséð er að öll frumvinna taki tvö til þrjú ár var ákveðið að setja hana ekki í þá áætlun sem hér um ræðir enda nær hún aðeins til næstu fjögurra ára.“

Í áætluninni er lagt til að gerðar verði endurbætur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar en ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til þess fyrr en á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum að svo stöddu, heldur skal fjölga akreinum og breyta ljósastýringu. Að sögn Guðmundar hefur Vegagerðin gert úttekt á gatnamótunum og tillögur samgönguráðherra bera keim af niðurstöðum þeirra. „Þeir telja að með þessum aðgerðum sé hægt að ráða einhverja bót á þeim gatnamótum. Þau verða hættuminni og einnig ætti umferð að ganga hraðar og betur.“

Guðmundur viðurkennir þó að slíkar framkvæmdir séu í besta falli tímabundin lausn. „Með tilliti til þess hversu hættuleg þessi gatnamót eru hefði verið eðlilegra að fara í stærri framkvæmdir enda sýnt að vandamálið verður áfram til staðar og verður jafnvel enn stærra þegar hugmyndum um mislæg gatnamót verður hrint í framkvæmd.“ Sjá síðu 6

albert@frettabladid.is



**FYRIRHUGUÐ SUNDABRAUT**
Samkvæmt nýrri samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrr en í fyrsta lagi árið 2009.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LEITAÐ Í HÖFNINNI** Leit að hinum brasilíska Ricardo Correia Dantas sem leitað hefur verið að síðan á laugardagskvöldið hafði engan árangur borið þegar henni var hætt gærkvöldi. Þegar mest var tóku 180 manns þátt í leitinni. Henni hefur nú verið hætt og hefst ekki á ný nema fram komi upplýsingar sem bregða nýju ljósi á málið. Sjá síðu 8

Fangar á flótta:

## Snúa aftur í fangelsið

**INDÓNESÍA, AP** Nær þriðjungur þeirra fanga sem flýðu, þegar jarðskjálfti eyðilagði fangelsið sem þeir voru í, hefur snúið aftur í fangelsið.

178 fangar nýttu tækifærið þegar fangelsið á Nias-eyju eyðilagðist í skjálftanum í síðustu viku og flýðu. Síðan þá hafa 50 fangar snúið aftur til fangelsisins og gefið sig fram við fangelsisstjórann, sem hvetur aðra fanga til að gera það sama. Fangarnir fá þó ekki inni í fangelsinu þar sem það eyðilagðist og eru því vistaðir annars staðar. ■






Ríkið ætlar að selja allan eignarhlut sinn í Símanum í einu:

# Sölu Símans verði lokið í júlí

**EINKAVÆÐING** Allur eignarhlutur ríkisins í Símanum verður seldur í einu lagi til hóps fjárfesta í júlí í sumar. Enginn fjárfestir í hópnum má eiga meira en 45 prósent hlut í fyrirtækinu og verða því að minnsta kosti þrír aðilar að vera á bak við hvert tilboð. Fyrir árslok 2007 verður að bjóða almenningi og öðrum fjárfestum að kaupa 30 prósent af heildarhlutafé.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðinganefndar, kynnti söluferlið í gærdag eftir að ráðherranefnd um einkavæðingu afgreiddi málið af sinni hálfu.

Nú gefst áhugasömum fjárfestum tækifæri til að fá ítarlegri upplýsingar um rekstur Símans og skila inn óbindandi tilboði fyrir 6. maí. Allir sem hafa getu til að ljúka kaupunum koma til greina sem kaupendur, segir Jón. Í framhaldinu verður þeim boðið að gera bindandi tilboð. Við mat á tilboðum verður meðal annars horft til verðs, fjárhagslegs styrks, reynslu af rekstri fyrirtækja og framtíðarsýn varðandi rekstur Símans.

Einkavæðinganefnd gefur ekki upp hugsanlegt verð á hlut ríkisins. Miðað við meðalverð, þegar selja átti Símann árið 2001, var fyrirtækið metið á 45 milljarða króna. - bg / Sjá síður 2 og 16



## SPURNING DAGSINS

*Óðinn, veitti Markús Örn þér ráðningu?*

**„Nei. Hann réði mig og við róuðumst báðir við það."**

Óðinn Jónsson er nýráðinn fréttastjóri fréttadeildar Ríkisútvarpsins. Markús Örn Antonsson er útvarpsstjóri.

Stóriðjuáhugi Skagfirðinga:

# Fleiri andvígir álveri en fylgjandi

**IÐNAÐUR** „Þetta eru svipaðar niðurstöður og ég átti von á og mótstaða Skagfirðinga við álver kemur ekkert á óvart," segir Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri Skagafjarðar, en á fundi sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hélt á Sauðárkróki í gærkvöldi kom fram að 45 prósent Skagfirðinga eru á móti álversframkvæmdum á svæðinu.

Könnunin var unnin af Gallup fyrir tilstuðlan ráðherra en í henni var spurt almennt um hug íbúa í Skagafirði til stóriðjuuppbyggingar. Rúm 37 prósent íbúanna er hlynnt álveri í Skagafirði meðan 45 prósent eru á móti. Afstaðan breyttist þegar spurt var um vatnsaflsvirkjun, 55 prósent eru hlynnt slíkri framkvæmd en 37 prósent á móti. 53 prósent íbúa er hlynntur álveri annars staðar í fjórðungnum.

- aöe



**ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON**
Segir niðurstöður Gallup ekki koma á óvart enda meirihluti íbúa á móti álversuppbyggingu í héraðinu.

Deilur í Festingu:

# Lögbanni frestað

**VIÐSKIPTI** Fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík frestaði í gær úrskurði um lögbannsbeiðni á hlutafjáraukningu í Festingu, sem á og rekur fasteignir Essó og Samskipa. Verður málið tekið fyrir næsta föstudag.

Meirihluti stjórnar Festingar samþykkti að auka hlutafé 22. mars gegn vilja meirihluta eigenda en í samræmi við samþykktir aðalfundar og náði þannig ítökum í félaginu.

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður lagði fram lausn á málinu hjá sýslumanni fyrir hönd sinna umbjóðenda. Hafa stjórnarmenn í Festingu frest til föstudags til að leysa málið.

- bg



**ÁRNI ÞÓR VIGFÚSSON**
Ráðinn til starfa hjá 365 prent- og ljósvakamiðlum.

Fjölmiðlun

# Árni Þór til starfa

**365** Árni Þór Vigfússon, fyrrum sjónvarpsstjóri Skjás eins, hefur verið ráðinn til starfa hjá 365. Hann kemur til með að stýra sókn fyrirtækisins í fjölmiðlun ætlaðri ungu fólki og kemur fyrirtæki hans 3 Sagas Entertainment að því starfi.

„Það eina sem ég get sagt á þessum tímapunkti er að þetta er virkilega spennandi verkefni sem við hlökkum til að takast á við. Þetta bar brátt að og við munum kynna okkar sýn innan fárra vikna," er það eina sem Árni Þór var reiðubúinn að segja í gærkvöldi.

Árni Þór vinnur hvort tveggja fyrir 365 ljósvakamiðla og 365 prentmiðla, sem gefa út Fréttablaðið.

- bþg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SEX BÍLAR Í ÁREKSTRUM** Sex bílar lentu í tveimur árekstrum á mótum Njarðarbrautar og Grænásvegar í Reykjanesbæ síðdegis í gær. Fjórir bílar lentu saman í öðrum árekstrinum en tveir í hinum. Enginn meiddist en bílar skemmdust.

**KEYRÐI Á KYRRSTÆÐAN BÍL** Þrítug kona keyrði aftan á kyrrstæðan bíl í Njarðvík síðdegis í gær. Hún er grunuð um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Minniháttar umferðaróhöpp urðu í Njarðvík og Sandgerði skömmu eftir hádegi.

# Deilt á ríkisstjórn vegna sölu Símans

**Stjórnarandstaðan gagnrýndi harðlega fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að selja Símann með grunnnetinu. Halldór Ásgrímsson kynnti sölufyrirkomulagið á Alþingi í gær og varði að grunnnet Símans skuli selt með fyrirtækinu.**

**SÍMINN** „Ákveðið hefur verið að selja hlut ríkisins í Símanum í einu og heilu lagi einum hóp kjölfestufjárfesta," sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á Alþingi í gær er hann kynnti skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu varðandi sölu á Símanum.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, spurði hvað valdi því flókna kerfi um eignarhald á þeim hópi sem má kaupa Símann. „Af hverju þurfa það að vera þrír aðilar að minnsta kosti sem kaupa Símann? Er svarið kannski það að með því sé verið að hámarka líkurnar á því að ýmis vildarfyrirtæki sem standa í skjóli ríkisstjórnarinnar geti komist að kjötkötlunum?" Lúðvík Bergsveinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði að í viðskiptalífinu væri þrálátur og sterkur orðrómur að búið sé að ákveða hverjir eigi að kaupa Símann.

Halldór gerði að umtalsefni gagnrýni þeirra sem mótfallnir eru því að selja Símann með grunnnetinu: „Ríkisstjórnin hefur lagst gegn því að aðskilja grunnnetið frá Símanum á þeim forsendum að hvergi í Evrópu hafi grunnnet verið aðskilið við einkavæðingu fjarskiptafyrirtækja og lagaumhverfið á Evrópska efnahagssvæðinu geri ráð fyrir samkeppni í rekstri grunnneta í fjarskiptageiranum. Nú síðast hefur fallið um það úrskurður og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent sænskum stjórnvöldum rökstutt álit þess efnis að Svíar uppfylli ekki skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun sem fjallar einmitt um samkeppni á fjarskiptamarkaði," sagði Halldór.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Í RÆÐUSTÓL**
Forsætisráðherra gerði þingheimi grein fyrir því hvernig staðið yrði að sölu Símans. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu fyrirkomulagið og sögðu það til þess fallið að verðlauna vildarfyrirtæki stjórnarinnar.

Össur sagði þetta ekki rétta túlkun hjá forsætisráðherra. „Hið rétta er að óheimilt er að veita ríkisfyrirtæki eða öðru fyrirtæki einkarétt á því að veita fjarskiptaþjónustu eða grunnnetsþjónustu," sagði Össur. Hann benti jafnframt á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi nýlega lagt fram skýrslu þar sem bent var á að ofurtök símafyrirtækja sem búið er að einkavæða stafi af því að þau hafa hin sterku tök sín á markaðinum gegnum grunnnetið.

„Það er algert skilyrði hjá okkur í Samfylkingunni að Síminn verði ekki seldur nema grunnnetið verði skilið frá," sagði Össur.

sda@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
Sagði ákvörðun um fyrirkomulag sölu Símans vera hrossakaup.

Steingrímur J.:

# Hrossakaup formanna

**SÍMINN** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, sagði í umræðum á Alþingi um sölu Símans að ríkisstjórnin væri að hanna fákeppni. Hann benti jafnframt á að meirihluti landsmanna væri samkvæmt skoðanakönnunum á móti því að selja Símann. Steingrímur benti á að í fjölmiðlum hefði komið fram að Halldór og Davíð hefðu handsalað samkomulag um sölu Símans áður en einkavæðingarnefnd skilaði niðurstöðum sínum. „Hér er á ferðinni áframhaldandi hrossakaupaforingjalýðræði í anda stjórnarflokkanna. Þetta er Írak-aðferðin," sagði Steingrímur J.

- sda

## ELDSVOÐI

**ELDUR Í BÍLSKÚR** Tilkynnt var um eld í bílskúr að Birkihvammi 17 í Kópavogi seinnipartinn í gær. Tókst greiðlega að slökkva eldinn en talsverðar skemmdir urðu á innanstokksmunum vegna elds og sóts.

## ÚTGÁFA

**HALLDÓR SELDUR** Ævisaga Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson hefur verið seld til Forlaget Vandkunsten í Danmörku. Áður hefur bókin verið seld til Þýskalands og Svíþjóðar.


HAGNÝTT TÖLVUNÁM

**Stafrænar myndavélar**

Vinsælt námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

**Næstu námskeið:**
1. Föstudagana 8. og 15. apríl kl. 17:30 – 21:30 báða dagana.
2. Laugardagana 9. og 16. apríl kl. 13:00 – 17:00.

Innritun og upplýsingar í síma 544 2210
Verð kr. 15.000,-
(Innifalin er ný kennslubók á íslensku).



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Nautgripabændur í mjólkurframleiðslu:

# Fá rúma fjóra milljarða í styrki

**LANDBÚNAÐUR** 854 bændur deila með sér 4,2 milljörðum króna sem greiddir eru í beingreiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Það þýðir að hver og einn fær að meðaltali sem nemur 4,9 milljónum króna í beina ríkisstyrki á ári hverju.

Nýja mjólkursamlagið Mjólka, sem hyggst framleiða osta, stendur utan þessa kerfis. Það hefur orðið til þess að Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda hefur lýst efasemdum um hvort starfsemi Mjólku sé lögleg þar sem lög kveði á um að kúabændur fái greiddar ákveðnar beingreiðslur og geti framleitt fyrir innlendan markað sem því nemur en verði að flytja umframframleiðslu til útlanda á lægra verði.

„Það er mjög langsótt að hann taki eitthvað á þessu máli," segir Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, um dóm sem Þórólfur hefur vísað til. „Ég skil ekki alveg hvernig þeir geta dregið samnefnara þarna á milli."



**KÝR Á BEIT**
Kúabændur fá greitt fyrir hvern þann lítra sem þeir mega framleiða og selja innanlands, samanlagt 4,2 milljarða.

Haustið 2003 lét Fréttablaðið reikna fyrir sig hversu mikið þeir bændur sem fá mest og minnst í sinn hlut fengu greitt ár hvert. Þeir fimm sem hæstar greiðslur fengu voru með 15,3 milljón króna að meðaltali en bændurnir fimm á hinum endanum fengu 350 þúsund krónur að meðaltali. Síðan þá hefur bændum fækkað en greiðslur hækkað.

- bþg

# ALLT Í ALFARALEIÐ

## Gott gengi á Nissan Double Cab í apríl 2005.

NISSAN

SKIPT_um væntingar

**Gengið í hádeginu 4. apríl 2005**

| | |
|---|---|
| USD | 60.70 |
| JPY | 0.56 |
| EUR | 78.21 |



## HÚS OG HÚÐUN Á 100.000!

**Öllum Nissan Double Cab fylgir hús og húðun (heitkvoðun) að verðmæti 300.000 á aðeins 100.000 krónur.**

## NISSAN DOUBLE CAB 4x4

Nissan Double Cab er rétti bíllinn fyrir verktaka og framkvæmdamenn sem þurfa að sinna störfum sínum óhindrað, hvað sem á dynur. Hann er frábær kostur í sportveiði og útivist utan alfaraleiða, þægilegur á langferðum og á hreint ótrúlegu verði. Hentu dótinu á pallinn og þú ert til í slaginn!

**Double Cab 2,5 TDI dísil**

– Beinskiptur
– 133 hestöfl
– 1125 kg burðargeta

**Double Cab E**

Sóllúga, veltistýri, fjarstýrðar samlæsingar, loftpúðar, geislaspilari, loftkæling, gangbretti, veltigrind o.fl.

**Double Cab: 2.390.000**
**Double Cab E: 2.629.000**

**www.nissan.is**

Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2  Sími 525 8000  www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00 |
|---|---|---|

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a**<br>800 Selfossi<br>482-3100 | **Eyrarlandi 1**<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | **Sæmundargötu 3**<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | **Holtsgötu 52**<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | **Dalbraut 2b**<br>300 Akranesi<br>431-1376 | **Víkurbraut 4**<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | **Búðareyri 33**<br>730 Reyðarfjörður<br>474-1453 | **Sindragötu 3**<br>400 Ísafjörður<br>456-4540 | **Óseyri 5**<br>603 Akureyri<br>461-2960 |

Fiton/SÍA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,81 | 61,11 |
| Sterlingspund | GBP | 113,951 | 14,51 |
| Evra | EUR | 78,30 | 78,74 |
| Dönsk króna | DKK | 10,51 | 10,57 |
| Norsk króna | NOK | 9,55 | 9,61 |
| Sænsk króna | SEK | 8,54 | 8,59 |
| Japanskt jen | JPY | 0,56 | 0,57 |
| SDR | XDR | 91,43 | 91,97 |

*Gengisvísitala krónunnar*
107,99 -0,01%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjölgun íbúa í 101:

# Fleiri turnar við Skúlagötuna

**SKIPULAGSMÁL** Þrír þrettán hæða íbúðaturnar rísa á næstu misserum við Skúlagötuna milli Vitastígs og Barónstígs.

Til að rýma fyrir þeim verður húsið sem Dominos pizzur eru í á horni Vitastígs og Skúlagötu rifið og einnig hús Kexverksmiðjunnar Frón þar við hliðina. Er þetta hluti af endurskipulagningu reitsins sem afmarkast af Hverfisgötu, Barónstíg, Skúlagötu og Vitastíg.

Áætlað er að nýtt deiliskipulag af þessu svæði líti dagsins ljós á næstu mánuðum og þegar það hefur farið í gegnum hefðbundið ferli má búast við að framkvæmdir geti hafist.

Ekki liggur fyrir hvers konar hús verða reist við Hverfisgötuna milli Bjarnaborgar og gamla Fjóssins sem hýsir nú verslun 10-11 né heldur hvers konar hús verða reist inni á reitnum en þó má gera ráð fyrir frekar lágreistum húsum, sem fyrst og fremst verða ætluð námsfólki.

Allt í allt má reikna með að á þessu svæði rísi á næstu árum 220-240 nýjar íbúðir eða 6-800 manna byggð. **- sþs**



**HÚS SEM HVERFA**
Hús Kexverksmiðjunnar Frón og húsið á horni Skúlagötu og Vitastígs víkja fyrir nýjum turnhúsum.

Reykjavík:

# Vilja bæta líðan drengja

**SKÓLAMÁL** Vesturbæjarskóli verður móðurskóli verkefnis sem kallast drengir og grunnskólinn og bæta á líðan drengja í skólum. Verkefninu var veitt 900 þúsund króna styrkur frá menntaráði Reykjavíkurborgar á fimmtudag. Ráðið veitti átján milljónir í styrki til þróunarverkefna í grunnskólum borgarinnar.

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, segir markmið verkefnisins að skólinn tileinki sér viðhorf og vinnubrögð sem tryggi velferð drengja ekki síður en stúlkna í námi. **- gag**

Messur páfa:

# Fámennast í Reykjavík

**FRÁFALL PÁFA** Fjölsóttasta messan sem hinn víðförli Jóhannes Páll II hélt á 26 og hálfs árs ferli sínum fór fram á Filippseyjum, þar sem fjórar milljónir manna eru taldar hafa hlýtt á orð hans, en sú fásóttasta fór fram á Landakotstúni í Reykjavík 2. júní 1989. Um 200 manns lögðu leið sína að Landakoti við það tækifæri, en óvenju kalt var í veðri þennan dag og margir Íslendingar kusu að fylgjast með messunni heiman frá sér, þar sem henni var sjónvarpað beint. ■



**Í VEÐBANKA Á ÍRLANDI**
Margir freista gæfunnar og reyna að hagnast á vali næsta páfa.

Veðjað um arftaka:

# Ítali og Nígeríumaður

**PÁFAGARÐUR, AP** Ítalskur og nígerískur kardínáli eru fremstir og jafnir á lista írsks veðbanka um það hver verður næsti páfi.

Yfir fimm þúsund manns hafa þegar tekið þátt í veðmáli um þetta hjá Paddy Power-veðbankanum, stærsta slíka fyrirtækinu á Írlandi. Ítalinn Dionigi Tettamanzi og Nígeríumaðurinn Francis Arinze eru þeir tveir sem mest er veðjað á, að svo komnu máli.

Að kirkjulögum verða allir kardínálar hennar að koma saman ekki seinna en hálfum mánuði eftir jarðarför páfa og velja arftaka hans á lokuðum fundi í Sixtínsku kapellunni. ■



**LITIÐ Á LÍK PÁFA**
Þessi ungi drengur lagði mikið á sig til að reyna að berja lík páfa augum er það var borið í Péturskirkjuna í gær.

# Tveggja milljóna útfarargesta vænst

**Jóhannes Páll II páfi verður borinn til grafar á föstudaginn. Búist er við miklum fjölda trúaðra til Rómar af þessu tilefni.**

**PÁFAGARÐUR, AP** Lík Jóhannesar Páls II páfa var í gær borið, í fylgd syngjandi presta, frá Postulahöllinni í Páfagarði inn í Péturskirkjuna, þar sem það mun standa uppi uns útför páfa fer fram á föstudag. Hann verður lagður til hinstu hvílu í grafhýsi Péturskirkjunnar.

Tugþúsundir trúaðra fylgdust harmi slegnir með er tólf líkburðarmenn báru lík páfa, í fylgd lífsmanna svissneska varðliðsins, á skarlatsrauðum börum yfir Péturstorgið, frá Clementina-salnum þar sem það hafði staðið uppi síðan á sunnudag.

Nú mun allur sá gríðarlegi fjöldi trúaðra sem vill votta páfa persónulega hinstu virðingu geta séð lík hans í Péturskirkjunni fram að jarðarförinni á föstudag.

Joaquin Navarro-Valls, aðaltalsmaður Páfagarðs, sagði að Jóhannes Páll yrði „næstum örugglega“ jarðaður í grafhýsinu þar sem Jóhannes XXIII páfi lá uns kistan með jarðneskum leifum hans var flutt upp á aðalgólf Péturskirkjunnar. Jóhannes XXIII dó árið 1963 en var fluttur árið 2000 er hann var tekinn í tölu helgra manna, þar sem margir pílagrímar vildu koma að gröf hans.

Kardinálar kirkjunnar eru nú að tínast til Rómar hvaðanæva að úr heiminum, en þeirra bíður það verkefni að velja úr sínum röðum eftirmann Jóhannesar Páls II til að verða 265. arftaki fyrsta páfans, sankti Péturs.

Jóhannes Páll II útnefndi í páfatíð sinni alla nema þrjá af þeim 117 kardinálum sem hafa tilkall til að setjast á rökstóla um val næsta páfa.

Páfi verður jarðsettur í beinu framhaldi af útförinni. Mikill fjöldi fyrirmenna hvaðanæva að úr veröldinni hefur boðað komu sína í útförina, þar á meðal bandarísku forsetahjónin og Karl Bretaprins, sem ákvað að af þessu tilefni að fresta um einn dag fyrirhuguðu brúðkaupi sínu og Camillu Parker-Bowles. Reiknað er með að allt að tvær milljónir manna munu mæta til útfararinnar, sem hefst kl. tíu árdegis. ■

Tilræðismaður páfa:

# Vill vera við útförina

**TYRKLAND, AP** Mehmet Ali Agca, Tyrkinn sem skaut og særði páfann lífshættulega árið 1981, er harmi sleginn yfir fráfalli hans og vill vera við útför hans. Frá þessu greindi lögmaður hans í gær, en Agca situr í fangelsi í Tyrklandi vegna annarra brota sem hann framdi fyrir páfatilræðið.



**FYRIRGEFNINGIN**
Páfi heimsótti Agca í fangelsi árið 1983.

Lögmaðurinn, Mustafa Demirag, sagðist myndu koma ósk umbjóðanda síns til saksóknara en viðurkenndi að litlar líkur væru á því að Agca fengi leyfi til að fara úr fangelsi til að vera við útför manns sem hann reyndi að myrða. Páfi fyrirgaf Agca og heimsótti hann í fangelsi á Ítalíu árið 1983. Hann var framseldur frá Ítalíu til Tyrklands árið 2000. ■

Páfi og Pólland:

# Vilja hjartað til Kraká

**PÓLLAND, AP** Ráðamenn í Kraká, suður-pólsku borginni þar sem Jóhannes Páll II páfi þjónaði sem prestur og erkibiskup, hafa lýst von um að heimild fáist til þess að jarðsetja hjarta hans í dómkirkju borgarinnar, þar sem jarðneskar leifar miðaldakónga og dýrlinga Póllands hvíla einnig. En talsmenn kaþólsku kirkjunnar höfnuðu hugmyndinni strax.

Hvergi naut Jóhannes Páll II meiri hylli en í fæðingarlandi sínu. Vinsældir hans þar eru slíkar, að pólskar ferðaskrifstofur og flugfélög eru nú í óða önn að skipuleggja aukaferðir til Rómar til að sem flestir Pólverjar geti verið við útför páfa á föstudaginn. ■






## Veðrið

**VETUR NÆSTU DAGA**
Enda þótt mars hafi minnt rækilega á að vorið og sumarið séu á næsta leiti heilsar apríl með allt öðrum stíl. Hanni minnir okkur þessa dagana á hvar við búum á hnettinum. Þetta kuldakast sem nú gengur yfir landið nær líkast til hámarki á morgun, miðvikudag. Í framhaldi dregur úr kuldanum þótt greina megi í lengstu spám að enn geti komið kaldir dagar.
Ég minni á að það hvessir víða síðdegis einkum sunnan og vestan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Nokkuð stíf norðanátt víða um land.

### Fimmtudagur




Stíf norðanátt austan til annars mun hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skýjað | París | 16°C skýjað | Mílanó | 16°C skýjað |
| Osló | 9°C léttskýjað | Berlín | 17°C léttskýjað | New York | 17°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C skýjað | Amsterdam | 11°C skýjað | San Fransisco | 20°C heiðskírt |
| London | 13°C skýjað | Madrid | 21°C skýjað | Orlando | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Við losnum út eftir 63 daga.
Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of lítinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.
Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.
Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir
Litlagerði 12,
108 Reykjavík
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging
*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is
Hive



## KJÖRKASSINN

*Hefur fréttastofa Útvarps skaðast af fréttastjóramálinu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 65% |
| Nei | 35% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kaupa hlutafé í Landssímanum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Ný verslun á Stöðvarfirði:

# Matvörubúð sem breytist í krá um helgar

**VERSLUN** Verslunin og veitingahúsið Brekkan opnaði á Stöðvarfirði 1. apríl síðastliðinn en engin verslun hefur verið í byggðarlaginu frá því í fyrrahaust. Í Brekkunni er boðið upp á helstu nauðsynjavörur en einnig heitar veitingar. Eigendurnir hafa sótt um áfengisleyfi og að því fengnu verður rekin krá í húsnæðinu á föstudags- og laugardagskvöldum.

Brekkan er til húsa þar sem veitingahúsið Kútterinn var til skamms tíma. Eigendur eru Ásta Snædís Guðmundsdóttir og Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir og segir Ásta viðtökurnar hafa verið afar góðar. „Við munum ekki keppa við lágvöruverslanir í verðum og eflaust munu Stöðfirðingar halda áfram að versla í Bónus þegar þeir eiga leið til Egilsstaða en vonandi hjá okkur þess á milli. Viðtökur Stöðfirðinga hafa verið frábærar og við vorum með pitsuhlaðborð á laugardaginn þar sem fullt var út úr dyrum,“ segir Ásta.

Haldin var samkeppni á Stöðvarfirði um nafn á nýju verslunina og bárust 80 hugmyndir en á Stöðvarfirði eru um 90 íbúðir.

- kk



**EIGENDUR BREKKUNNAR**
Ásta Snædís og Rósmarý Dröfn en á milli þeirra stendur Jóhanna Guðveig sem var þeim stöllum innan handar við undirbúninginn.


# Prag
## frá kr. 9.990

Prag er einn ástsælasti áfangastaður Íslendinga. Vorið í Prag er einstaklega fagurt og veðrið milt og landið heillandi, allur gróður í blóma og landið skartar sínu fegursta. Heimsferðir bjóða ferðir til Prag í vor á hreint ótrúlegu verði. Í boði eru góð 3 og 4 stjörnu hótel og spennandi kynnisferðir með íslenskumælandi fararstjórum.

kr. 9.990
Flugsæti með sköttum aðra leið. 11. apríl. Netbókun.

kr. 39.990
Helgarferð 14. apríl
Flug, skattar og hótel með morgunverði í 4 nætur, 14. apríl. M.v. 2 í herbergi á ILF Hotel. Netbókun.

Síðustu sætin

Heimsferðir
Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is




FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

**ENGIN NÝ JARÐGÖNG**
Ljúka skal gerð Fáskrúðsfjarðarganga og hefja útboð vegna Héðinsfjarðarganga á þessu ári en önnur jarðgöng eru ekki á nýrri samgönguáætlun til ársins 2009. Ríkið mun þó áfram leggja til sérfjárframlög til jarðgangagerðar.

# Framkvæmdum fyrir milljarða frestað

**Fresta skal áður áætluðum vegaframkvæmdum næstu tvö árin sem kosta tæpa fjóra milljarða króna samkvæmt nýrri samgönguáætlun til ársins 2008. Verkefni á landsbyggðinni mun fjárfrekari en á höfuðborgarsvæðinu.**

**SAMGÖNGUR** Fjárveitingar til vegaframkvæmda á landsvísu verða lækkaðar um tæpa fjóra milljarða króna næstu tvö árin en gert er ráð fyrir að sú upphæð bætist við framkvæmdaféð árin 2007 og 2008. Sé mið tekið af því að fresta varð fjárveitingum til sama málefnis um 1,8 milljarð króna á síðasta ári verða ýmsar tafir á mörgum brýnum verkefnum í samgöngumálum.

Þetta kemur fram í nýrri samgönguáætlun sem lögð verður fyrir Alþingi í vikunni. Er þar um endurskoðun á eldri samgönguáætlunum að ræða og kemur fram að áætlunargerð almennt hefur raskast talsvert sökum þess að framkvæmdavísitölur hafa hækkað mun meira en verðlagsforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Fram kemur að ríkisstjórnin mun áfram sérstaklega leggja til fé til jarðgangagerðar. Nemur sú upphæð tæpum sex milljörðum króna til ársins 2009 en ekki er gert ráð fyrir nýjum jarðgangaverkefnum á því tímabili sem áætlunin nær yfir. Ljúka skal við Fáskrúðsfjarðargöng og Héðinsfjarðargöng verða boðin út síðar á þessu ári.

Sunnlendingum verður að hluta að ósk sinni varðandi vegarkaflann milli Reykjavíkur og Hveragerðis. Gerir áætlunin ráð fyrir að 300 milljónir króna fari til breikkunar kafla vegarins árið 2007. Er þar um að ræða þriðju akreinina yfir Hellisheiði og eins á kafla fyrir neðan Litlu kaffistofuna.

Meðal annarra verkefna sem ráðast skal í næstu fjögur árin má nefna framkvæmdir við nýja brú og nýjan veg á Bræðratunguvegi nálægt Flúðum. Ljúka skal endurbyggingu hringvegarins um Norðurárdal í Skagafirði og árið 2008 skal hefja framkvæmdir við gerð nýs vegarstæðis og brúar yfir Hornafjarðarfljót en sá vegur mun stytta Hringveginn um ellefu kílómetra.

Samtals er ætlunin að eyða um 6,3 milljörðum króna til verkefna á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu en 9,8 milljörðum annars staðar á landinu.

**ÚTGJÖLD TIL VEGAFRAMKVÆMDA**

| | |
|---|---|
| Landið allt | 16,1 milljarður |
| Höfuðborgarsvæðið | 6,3 milljarðar |
| Landsbyggðin | 9,8 milljarðar |

albert@frettabladid.is


HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

# Málstofa
## um Svalbarðamálið

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, miðvikudaginn 6. apríl 2005 kl. 12.15-13.45

**Dagskrá:**

12.15 Inngangur:
Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

12.30 Fyrirlestur:
Robin Churchill, prófessor við Cardiff Law School, Bretlandi.

13.15 Fyrirspurnir og umræður.

13.45 Slit.

**Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.**


Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

# Kemur mjög á óvart

**SAMGÖNGUR** „Það kemur mér mjög á óvart að heyra að ekki eigi að ráðast í gerð Sundabrautar næstu fjögur árin,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri. Í nýrri samgönguáætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi undirbúningsvinnu vegna Sundabrautarinnar en engum framkvæmdum til ársins 2009.

Steinunn segir að úrskurðar Umhverfisráðuneytisins vegna kærumála sem borist hafa vegna fyrirhugaðrar legu Sundabrautar sé að vænta innan nokkurra vikna. „Þegar sá úrskurður liggur fyrir er okkur hjá borginni ekkert að vanbúnaði að ákveða hvor leiðin verður fyrir valinu. Við höfum oftar en ekki heyrt að allt strandi á okkur hér hjá borginni en ef rétt reynist að ekkert fé sé eyrnamerkt Sundabrautinni næstu árin þá hefur dæmið aldeilis snúist við og það kemur vissulega á óvart. Samgönguráðherra veit fullvel að niðurstöðu er að vænta frá umhverfisráðuneytinu innan tíðar.“

-aöe



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
Samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir að framkvæmdir við Sundabraut hefjist næstu árin. Steinunn segir það undarlegt enda úrskurðar úr kærumálum að vænta fljólega.



# 5% Gengislækkun

## Veldu nýjan **Focus**

# Nýtt tákn um gæði

*Nýtt verð*

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun!

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!



### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| [illegible] | 5 gíra | Sjálfskiptur |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | [illegible] | [illegible] |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | [illegible] | [illegible] |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | [illegible] | [illegible] |

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.




[illegible]

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stillanlegur hiti í framsætum
- Öryggispúðar að framan
- Öryggispúðar í hliðum
- Öryggispúðagardínur
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Frjókornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstilltir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstillanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómtæki
- Aksturstölva og útihitamælir

[illegible]

- Bluetooth® fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í lofti og skjár
- Fjöltengi fyrir heyrnartól
- Kæling í hanskahólfi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómtæki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifið ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
  - hljómtæki
  - síma
  - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hiti fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
- Hraðastillir
- Rafdrifin sóllúga

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Brimborgar. 5% Gengislækkun.



Kaupverð...........1.505.000 kr.
Gengislækkun.......-76.000 kr.
Nýtt verð ...........1.429.000 kr.



Kaupverð...........1.655.000 kr.
Gengislækkun.......-85.000 kr.
Nýtt verð ...........1.570.000 kr.



Kaupverð...........1.996.000 kr.
Gengislækkun.....-106.000 kr.
Nýtt verð ...........1.890.000 kr.



Kaupverð ...........1.995.000 kr.
Gengislækkun .....-100.000 kr.
Nýtt verð............1.895.000 kr.



Kaupverð............2.440.000 kr.
Gengislækkun......-122.000 kr.
Nýtt verð.............2.318.000 kr.



Kaupverð ...........2.745.000 kr.
Gengislækkun .....-138.000 kr.
Nýtt verð ............2.607.000 kr.



brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu stór hluti íslenskra lögreglubíla er úreltur samkvæmt viðmiðum nágrannalanda okkar?*

2 *Að hvaða leiti eru sænskar gallabuxur sem Sautján býður til sölu frábrugðnar venjulegum gallabuxum?*

3 *Hvað heita Íslandsmeistararnir í einliðaleik í tennis?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Verðstríðið:

# „Vitleysan“ búin en verðið áfram lágt

**MATVÖRUMARKAÐURINN** Verðstríðið hefur lægt, í bili að minnsta kosti. Forráðamenn verslananna eru þó sammála um að vöruverðið sé lægra og samkeppnin sé ekkert minni en áður. Það sé þó misjafnt frá degi til dags.

„Við höfum ekki skoðað verðið, þannig að það er erfitt að segja. Ég hef engar tölulegar upplýsingar, þannig að við getum ekki dregið beinar ályktanir ennþá en við munum gera það þegar fram í sækir,“ segir Henný Hinz, verkefnisstjóri verðlagseftirlits ASÍ.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að miklar verðbreytingar eigi sér stað daglega og vöruverðið sé mun lægra en áður.

Guðjón Stefánsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segir að „vitleysan“ sé búin þar sem menn seldu epli á sex krónur og mjólkurlítrann á krónu eða gáfu hann. Ekkert lát sé á samkeppninni, þótt blæbrigðamunur sé milli daga og verslana. Verðkannanir séu úreltar og gefi ekki rétta mynd.

-ghs



**VERÐIÐ HELST LÁGT**
Verðstríðið hefur lægt en matvöruverð hefur samt haldist lágt, að sögn forráðamanna lágvöruverslana.

Fornleifasjóður:

# Öræfingar fá hæstan styrk

**ÚTHLUTUN** Fornleifafélag Öræfa fékk hæstu úthlutun úr fornleifasjóði í ár, um 1,1 milljón króna. Fimm milljónum var úthlutað til tíu umsækjenda. Ragnar F. Kristjánsson, formaður Fornleifafélags Öræfa, segist mjög stoltur af styrknum enda sé félagið rekið af áhugamönnum.

Styrknum verður varið í uppgröft við Fagurhólsmýri, á Bæ við Salthöfða sem fór undir í eldgosi árið 1362. Ragnar segir bæinn vera á borð við Stöng í Þjórsárdal. Bærinn er fullur af ösku en uppgreftri verður haldið áfram í maí.

- sgi



FRÉTTABLAÐIÐ/BFE

**BÆR VIÐ SALTHÖFÐA**
Hleðslur bæjarins eru mjög heillegar og útlínur skýrar. Myndin er tekin við fornleifauppgröft á síðasta sumri.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LEITAÐ Í HÖFNINNI**
Björgunarsveitarmenn leituðu við bryggjusporðinn á Stokkseyri í gær án árangurs.

# Óvíst um afdrif Ricardo

**Enn er leitað að hinum 28 ára Brasilíumanni sem hvarf á Stokkseyri á laugardag. Engar vísbendingar hafa fundist en leitað hefur verið bæði í fjöru, á landi og í húsum og sumarbústöðum á Stokkseyri og í kring.**

**LEIT** Leitin að Brasilíumanninum Ricardo Correia Dantas hafði enn ekki borið árangur í gær. Leitað hefur verið að honum á Stokkseyri og nágrenni frá laugardagskvöldi en síðast spurðist til ferða hans inni í bænum um hádegi þann dag. Í gær leituðu 90 hjálparsveitarmenn ásamt leitarhundum að manninum en leitað hefur verið í fjöru frá Þjórsá að Selvogi og fyrir ofan bæinn í dælum og tjörnum. Þá er búið að fínkemba byggðina sjálfa en ekki þótti útilokað að Ricardo hefði farið í felur.



**SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR**
Mikið var að gera hjá formanni svæðisstjórnar björgunarsveita í Árnessýslu við að skipuleggja leitina að Brasilíumanninum.

Soffía Sigurðardóttir, formaður svæðisstjórnar björgunarsveita í Árnessýslu, segir að ekkert bendi til að maðurinn hafi ætlað að fara í burt. Hann hafi ætlað með fjölskyldu sinni á bíl til Selfoss en hafi lagt af stað á undan. Hann hafi líklega farið á mis við þau í þorpinu en hefði samt sem áður átt að rata heim.

Soffía segir ekkert benda til þess að Ricardo hafi farið í felur. Hann hafi þó verið kvíðinn um að fá landvistarleyfi til að geta verið áfram á Íslandi. Hins vegar hafi hann ekki verið það lengi í landinu að komið væri að úrslitastundu um áframhaldandi dvalarleyfi hans.

Lögreglan á Selfossi segir fjöruna við Stokkseyri varhugaverða með hálum steinum og djúpum hvörfum og því vel hugsandi að menn lendi þar í vandræðum. Til að mynda sé þekkt að búfénaður hafi flætt uppi á þessum stað. Talið er líklegt að það sem fer í sjóinn við Stokkseyri reki upp í Selvog og er það ástæða þess að leitarsvæðið nær alla leið þangað.

Anna Kristjánsdóttir fósturmóðir Ricardos segist ekkert geta getið sér til um afdrif hans. Hún hafi töluverðar áhyggjur af honum enda sé hann hluti af fjölskyldunni en Ricardo bjó hjá henni í fimm ár í Brasilíu. Hún sagði þó að hann hefði verið sannfærður um að hann fengi ekki að búa á Íslandi þar sem verið var að handtaka menn á Suðurlandi sem voru ólöglega í vinnu.

solveig@frettabladid.is



**SKOLA AF SÉR**
Félagar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar skola af sér sjó á bensínstöðinni á Stokkseyri.




# VELJUM VERÐSAMKEPPNI

**Bensínorkan gerði verðkönnun á 95 oktana bensíni á höfuðborgarsvæðinu sunnudaginn 3. apríl.**

**Könnunin var gerð á heimasíðum olíufélaganna og niðurstaðan er augljós. Verum á varðbergi, veljum verðsamkeppni.**

**97,10 kr** pr líter — ORKAN BENSÍN

| Félag | Verð |
|---|---|
| ATLANSTOLÍA | 101,20 kr pr líter |
| OLÍS | 98,60 kr pr líter |
| ÓB | 97,20 kr pr líter |
| ESSÓ | 97,20 kr pr líter |
| SKELJUNGUR | 98,10 kr pr líter |
| EGO | 97,20 kr pr líter |

BENSÍNFRELSI **Orkunnar er svo enn ódýrara!**

| | |
|---|---|
| Skemmuvegur | 95,10 |
| Eiðistorg | 95,10 |
| Akureyri | 95,10 |
| Miklabraut norður | 95,10 |
| Grafarvogur | 95,10 |
| Klettagarðar | 95,10 |
| Hafnarfjörður | 95,10 |
| Njarðvík | 95,10 |
| Miklabraut suður | 95,10 |
| Selfoss | 95,10 |
| Hveragerði | 95,10 |
| Súðavík | 95,10 |

**95,10 kR**

MBA MARKAÐSRÁÐGJÖF / ZETOR

ORKAN BENSÍN

**BRAUTRYÐJENDUR Í LÆKKUN BENSÍNVERÐS**

BENSÍNORKAN ehf. • HÓLMASLÓÐ 10 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI: 533 5123 • WWW.ORKAN.IS • ORKAN@ORKAN.IS



**ÚRELTAR KÖNNUR**
Mikill áhugi er fyrir brúðkaupi Karls Bretaprins og Camillu Parker Bowles. Fjöldi fyrirtækja hafði látið framleiða könnur, platta og fleiri vörur til að selja sem minjagripi um brúðkaupsdaginn 8. apríl 2005. Nú er útlit fyrir að búa verði til minjagripina upp á nýtt, því brúðkaupinu var í gær frestað um einn dag vegna útfarar Jóhannesar Páls II páfa sama dag og brúðkaupið átti upphaflega að fara fram.

Ríkislögreglustjóri:

# Vísar gagnrýni lögreglumanna á bug

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri segir verklagsreglur lögreglu við eftirför og stöðvun ökutækja skýrar og tekur ekki undir gagnrýni Landssambands lögreglumanna þess efnis að óvissa ríki um hvað lögreglumönnum sé heimilt eða óheimilt þegar stöðva þarf ökutæki.

Í kjölfar dóms yfir lögreglumanni sem stöðvaði ökumann bifhjóls, sem grunaður var um lögbrot, með því að leggja bíl þvert á akstursstefnu bifhjólamannsins hefur Landssamband lögreglumanna gagnrýnt að reglur séu óskýrar en undir það er ekki tekið af hálfu Ríkislögreglustjóra. Segir í fréttatilkynningu að ætíð sé erfitt að vega og meta aðstæður hverju sinni en reglan sé að fórna ekki meiri hagsmunum fyrir minni og að ákveðnar reglur hafi gilt varðandi slík mál um árabil.

- aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REGLUR SKÝRAR**
Ríkislögreglustjóri segir reglur um eftirför og stöðvun lögreglu skýrar og vísar gagnrýni lögreglumanna á bug.

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**AUKA NIÐURGREIÐSLU** Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri Garðabæjar segir að stefnt að því að auka niðurgreiðslur til dagforeldra fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar sem verða á næsta ári. „Er það eitt að næstu skrefum sem við ætlum að klára,“ segir Ásdís. Með því verði dagforeldrar raunhæfur kostur fyrir fjölskyldufólk.

**FJÁRÞÖRF Á BÁÐA BÓGA** Bæjarráð Selfoss hefur hafnað beiðni stærsta leikskóla sveitarfélagsins um 60 þúsund króna aukafjárveitingu svo að hægt sé að gefa út námskrá. Ásmundur S. Pálsson, fulltrúi bæjarráðs, segir vonir standa til þess að skólinn finni féð innan eigin fjárhagsáætlunar og segir ástæðu höfnunarinnar að víðar sé þörf en í leikskólanum.






# Ósanngjörn krafa um undanþágur

**Tyrkneski lagaprófessorinn Haluk Günugur segir ESB setja fram ósanngjarnar kröfur um að í aðildarsamningum við Tyrki verði kveðið á um varanlegar undanþágur frá vissum samstarfsþáttum.**

**EVRÓPUMÁL** Evrópusambandið áskilur sér rétt til þess að í væntanlegum aðildarsamningum við Tyrki verði kveðið á um varanlegar undanþágur, þar á meðal varðandi frjálsa för launafólks yfir innri landamæri. Þessa kröfu segir tyrkneski lögfræðiprófessorinn Haluk Günugur vera ósanngjarna; hún standist ekki reglur Evrópuréttar eins og þær hafi verið útlagðar hingað til.

Dr. Günugur hélt erindi í Háskólanum í Reykjavík í gær, í boði Evrópuréttarstofnunar skólans, Evrópusamtakanna og Euro-Info-skrifstofunnar á Íslandi. Hann er formaður tyrknesku Evrópusamtakanna, forstöðumaður alþjóðadeildar háskólans í Izmir og í hópi ráðgjafa tyrknesku ríkisstjórnarinnar í hinum væntanlegu aðildarviðræðum við ESB, en þær eiga að hefjast þann 3. október á þessu ári. Ekki er þó reiknað með að aðildarsamningur verði fullgerður fyrr en eftir að minnsta kosti áratug eða svo.

Í erindi sínu rakti dr. Günugur ferlið frá því Tyrkir sóttu formlega um aðild árið 1987 þar til leiðtogar ESB tóku í vetur ákvörðun um að hefja ætti aðildarviðræður. Hann benti á að í skilyrðum sem ESB-leiðtogarnir hefðu ákveðið að gilda skyldu um aðildarviðræðurnar væri að finna ákvæði þar sem ESB áskildi sér rétt til að undanskilja vissa samstarfsþætti eða beita langtíma aðlögunarákvæðum. ESB færi sem sagt fram á varanlegar undanþágur eða langtíma aðlögunarfresti, svo sem varðandi frjálsa för launafólks eða landbúnaðar- og byggðaþróunarmál. Þessa kröfu segir Günugur ósanngjarna; hún standist ekki gildandi Evrópurétt eins og hann hafi fram til þessa verið framkvæmdur og túlkaður.

Frá íslenskum sjónarhóli er athyglisvert að Evrópusambandið skuli áskilja sér rétt til að láta vissa samstarfsþætti ekki ná að fullu til aðildarsamnings við Tyrki, með tilliti til þess hve mikið hefur verið gert úr því atriði í sambandi við hugsanlega aðild Ísland að sambandinu að það væri vonlaust fyrir Íslendinga að fara fram á að fá einhvers konar undanþágu frá sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

Í erindi sínu rakti dr. Günugur rökin fyrir því að Tyrkland fengi aðild að ESB. „Vilji Evrópusambandið hafa raunverulegt vægi í heimsmálunum getur það ekki án Tyrklands verið,“ sagði hann meðal annars. Innganga Tyrklands í sambandið væri tækifæri fyrir það til að sýna og sanna að það væri ekki „lokaður kristinn klúbbur“.

audunn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DR. HALUK GÜNUGUR**
„Vilji Evrópusambandið hafa raunverulegt vægi í heimsmálunum getur það ekki án Tyrklands verið,“ segir formaður tyrknesku Evrópusamtakanna.




FABRIKAN

SKAPAÐU ÞÉR NÝ TÆKIFÆRI

Kynningarfundur um MBA-nám

Þriðjudaginn, 5 apríl
kl. 17:15 á þriðju hæð
Háskólans í Reykjavík
Ofanleiti 2.

Nánari upplýsingar veitir:
Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir,
verkefnastjóri MBA náms.
Netfang: inga@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


Haider klýfur Frelsisflokkinn:

# Ríkisstjórnin í uppnámi

**AUSTURRÍKI** Austurrískí hægrimaðurinn Jörg Haider og fylgismenn hans hafa ákveðið að kljúfa sig frá Frelsisflokknum, sem Haider leiddi fyrir nokkrum árum til þess árangurs að vera næststærsti flokkur landsins.

Systir Haiders, Ursula Haubner, tilkynnti um ákvörðunina á blaðamannafundi í Vínarborg í gær. Hún tilkynnti þá jafnframt um afsögn sína sem formaður flokksins. Hún er jafnframt félagsmálaráðherra í austurrísku ríkisstjórninni.

Haider og fylgismenn hyggjast stofna nýjan flokk undir nafninu Bandalag um framtíð Austurríkis. Haider mun fara fyrir nýja flokknum, en formennsku í Frelsisflokknum lét hann af hendi þegar flokkurinn myndaði ríkisstjórn með hinum íhaldssama Þjóðarflokki árið 2000. Flokkurinn er enn í stjórn, og því setur þessi ákvörðun Haiders ríkisstjórnarsamstarfið í uppnám.

Wolfgang Schüssel kanslari tjáði blaðamönnum að hann útilokaði ekkert hvað varðar spurninguna um hvort boðað yrði til nýrra kosninga, eftir því sem greint er frá á fréttavef austurríska blaðsins Die Presse. ■



**HAIDER OG HAUBNER**
Systkinin Jörg Haider og Ursula Haubner tilkynna um flokkaskiptin á blaðamannafundi í Vínarborg í gær.


TRISTAR
Áður kr. 5.990
Með þessum kraftmikla blandara má laga hverskyns heilsudrykki, skyr- og ávaxtablöndur, kokteila, svalandi sumardrykki, íshristing, orkudrykki og einnig léttar sósur.
Malar klaka léttilega
Glerkanna
450W kraftmikill mótor
Hraðastillir
3 KEA skyrdósir fylgja með
KAUPAUKI
+ uppskriftir
(meðan birgðir endast)
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 3.990
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú 2.990
Áður kr. 3.990
Hrísgrjónapottur stál
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 4.990
Áður kr. 7.990
Pannini grill stál
AFSLÁTTUR 30%
Verð nú 3.490
Áður kr. 4.990
Racklete grill fyrir 8
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.490
Áður kr. 4.990
Hraðsuðukanna 1,8L stál
A ORKA A ÞVOTT
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 39.900
ZANUSSI
1000 snúninga hraðþvottavél með Aqua Lift þvottatækni og A/A einkunn fyrir þvottagæði og orkunýtni.
Verð áður kr. 59.900
A ORKA A ÞVOTT
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú 59.900
ZANUSSI
Kynnum nýja 1400 snúninga, hlaðna tækninýjungum og þægindum. Hraðval, handþvottakerfi, tímastýring, seinkun og Fuzzy Logic þvottatækni. Áður kr. 79.900
A ORKA A ÞVOTT
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú 59.900
AEG
Glæný AEG uppþvottavél með snertitökkum, hraðkerfi, erfiðiskerfi og SensoLogic þvottatækni. A/A einkunn. Afar hljóðlát. Áður kr. 79.900
AFSLÁTTUR 30%
Verð nú 34.900
ZANUSSI
Vönduð eldavél með undir- og yfirhita ásamt grilli. Stór ofn og klukka.
HxBxD: 85x59,5x60 cm
Verð áður kr. 49.900
AFSLÁTTUR 32%
Verð nú 49.900
AEG
Glæsilegur fjölkerfa blástursofn með grilli.
Burstað stál.
Áður kr. 72.900
Teba
Undir og yfirhiti + grill
Áður kr. 39.900
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 19.900
AFSLÁTTUR 28%
Verð nú 79.900
Electrolux
Bestu kaupin! Ofn með fjölda kerfa, stafrænu stjórnborði með snertitökkum, kjöthitamæli, grillteini, kaldri ofnhurð og tvöfaldri lýsingu. Fæst einnig með sjálfhreinsibúnaði (kr. 99.900 á tilboði)
Áður kr. 109.900
AEG
1800W
AEG Lemon Stift ryksuga
Gefur ferskan sítrónuilm um leið og þú ryksugar. 1800W stillanlegur ofurkraftur, stillanlegt sogrör og fylgihlutageymsla.
Áður kr. 15.900
AFSLÁTTUR 47%
Verð nú 8.490
NOKKRIR
GÁMAR
AF SPARNAÐI
✓hagstætt gengi ✓magninnkaup ✓lækkað verð!
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 2.490
Áður kr. 3.990
Lítil hrærivél með skál.
Hægt að nota handþeytara sér.
Áður kr. 1.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 990
Kaffivél með 2 bollum
Áður kr. 12.900
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 5.990
Stór grillofn með teini
Áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 3.490
Glerbaðvog stafræn
Áður kr. 7.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 3.990
Rafmagnsþurrkgrind
A ORKA
BAKTERÍU VÖRN
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 94.900
Electrolux
Glæsilegur kæli- og frystiskápur hlaðinn öllum þægindum. Kámfrítt stál, stafræn hitastýring með snertitökkum, Quick Chill og Action Freeze hraðfrysting, aðvörunarkerfi með hljóðmerki, glerhillur og flöskurekki úr stáli. Þennan verður þú að sjá og fá.
Áður kr. 119.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 32.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 27.900
Electrolux
Kæliskápar með fjögurra stjörnu 20 lítra frystihólfi. Fást í tveimur stærðum
HxB 125x55 cm kr 34.900 - áður 49.900
HxB 85x55 cm kr. 27.900 - áður 39.900
179 cm hár
A ORKA
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 49.900
ZANUSSI
Stór 179 cm hár kæli- og frystiskápur. 2 skúffu og hraðfrystihólf. Glerhillur og vönduð innrétting. A orkuflokkur.
Áður kr. 79.900
OPIÐ
NÆSTU HELGI!
Virka daga 9-18
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17
Opið virka daga 9-18 og laugardaga 10-16
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JÚSTJSENKÓ Í WASHINGTON**
Viktor Jústsjenkó, nýr forseti Úkraínu, hitti George W. Bush Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu í gær. Bush sagði við þetta tækifæri að það truflaði sig ekki að Úkraínustjórn hefði ákveðið að kalla úkraínska herliðið í Írak heim. Eitt fyrsta verk ríkisstjórnar Jústsjenkó eftir að hún tók við völdum var að tilkynna að úkraínskt herlið yrði kallað heim frá Írak.

Yfirvöld vilja fleiri vetnisbíla til landsins:

# Skattar lækkaðir á vetnisbílum

**VETNISBÍLAR** Fjármálaráðherra hefur lagt fyrir ríkisstjórnina frumvarp sem miðar að því að lækka verð á vetnisknúnum bílum. Að sögn Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt verði að endurgreiða tvo þriðju hluta af virðisaukaskatti á vetnisknúnum ökutækjum auk þess sem þau verði undanþegin vörugjöldum. Þá verða sérhæfðir varahlutir í slík ökutæki undanþegin vörugjöldum.

Markmiðið er að gera innflutning og rekstur vetnisknúinna ökutækja samkeppnishæfan, en verð þessara bíla er töluvert hærra en hefðbundinna ökutækja, að sögn Baldurs.

„Við erum með þessu að skapa forsendur fyrir því að Ísland verði samkeppnishæft í hugsanlegri samkeppni þjóða um að fá til sín tilraunarverkefni um rekstur á vetnisknúnum ökutækjum. Ísland gæti orðið vettvangur alþjóðlegra rannsókna fyrir prófun á vetnisknúnum bílum,“ segir Baldur.

Hann segir að auk þess sé verið að auka möguleika einstaklinga á því að fjárfesta í vetnisknúnum ökutækjum og þannig að taka þátt í því tilraunaferli sem vetnisknúin ökutæki eru nú í. **- sda**




**EINN VETNISVAGNANNA SEM AKA UM STRÆTI BORGARINNAR.**
Íslensk yfirvöld ætla að lækka skatta og fella niður vörugjöld af vetnisknúnum ökutækjum í því skyni að gera Ísland að vænlegri kosti fyrir alþjóðlegar tilraunir með vetnisknúin ökutæki.

Verðtrygging:

# Stefna enn að afnámi

**EFNAHAGSMÁL** „Málið hefur verið tekið fyrir á þingflokksfundum og vinna er hafin í viðskiptaráðuneytinu,“ segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Á stefnuskrá flokksins fyrir yfirstandandi kjörtímabil var að afnema verðtrygginguna allra lána skemmri en tuttugu ár en tveimur árum síðar bólar lítið á efnum. Hjálmar segir enn stefnt að því innan flokksins að koma verðtryggingunni fyrir kattarnef á kjörtímabilinu. „Þetta hefur mætt mikilli andstöðu meðal annars hjá bönkunum sem vilja meina að slíkt leiði til vaxtahækkunar þó ég skilji ekki hvernig þeir fá þá niðurstöðu. Miðað við reynslu nágrannalanda hefur það ekki verið raunin.“ **-aöe**

Dalvegur og Hlíðahjalli:

# Hættuleg gatnamót

**UMFERÐARMÁL** „Þarna hafa þegar orðið árekstrar og mitt mat er að grípa þurfi til aðgerða sem fyrst,“ segir Kjartan Benediktsson, umferðarfulltrúi Landsbjargar og Umferðarstofu.

Kjartan er þar að vísa til hættulegra gatnamóta á mótum Dalvegar og Hlíðarhjalla í Kópavogi en háar girðingar á einkalóðum beggja vegna Hlíðarhjallans byrgja ökumönnum alla sýn og skapa hættu að hans mati. „Ökumenn sem koma niður Hlíðarhjallann þurfa að fara verulega fram á Dalveginn til að sjá aðvífandi umferð og þar sem umferð þarna er bæði þung og hröð tel ég brýnt að bæta úr þessu sem fyrst.“

Árekstar hafa orðið nokkrir á þessum stað og hefur beiðni Kjartans verið tekin fyrir hjá bæjarráði. Hún liggur nú hjá umferðarnefnd bæjarins til umsagnar. **-aöe**


FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**HÆTTULEG GATNAMÓT**
Háar girðingar byrgja ökumönnum sem koma niður Hlíðarhjalla sýn og skapa stórhættu. Þegar hafa allmargir árekstrar orðið þar.

# Með verkfall að vopni

## Starfsgreinasambandið neitar að standa eitt að stöðugleikanum. Ari Edwald segir hvorki skynsamlegt né líklegt að launin verði hækkuð í haust.

**KJARAMÁL** Starfsgreinasambandið ætlar ekki að standa eitt að stöðugleikanum, segir Kristján Gunnarsson, formaður sambandsins. Kraftaverk þurfi svo forsendur kjarasamnings félaga Starfsgreinasambandsins haldist. „Ég sé það ekki gerast,“ segir Kristján: „Verkafólk verður ekki endalaust sett eitt fyrir vagn stöðugleikans.“


**KRISTJÁN GUNNARSSON**
Formaður Starfsgreinasambandsins.

Verði verðbólga yfir 2,5 prósent í haust og aðrir nýir kjarasamningar úr takti við samning Starfsgreinasambandsins tekur fjögurra manna nefnd á vegum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands hann til endurskoðunar og bætir hann eða segir honum upp. Verkalýðsfélag Akraness segir hann nú þegar kolfallinn og Kristján segir flest benda til þess að grípa þurfi til enduskoðunarákvæðisins. Verði vinnuveitendur ekki tilbúnir að bæta þann launamun sem myndast hafi og allar leiðir þrjóti sé verkfall eitt vopna sambandsins.



Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir hvorki skynsamlegt né líklegt að laun verði hækkuð frekar. Nefndin þurfi að skoða í haust hvort forsendurnar hafi staðist tæknilega eða ekki. Þrátt fyrir að dæmi séu um að félög hafi samið betur fyrir sína umbjóðendur en Starfsgreinasambandið heyri það til undantekninga. Verðbólgan sé einnig innan markmiða Seðlabankans, sé húsnæðisliðurinn ekki reiknaður með. Ari bendir á að þar sem ekki hafi verið samið við allar starfstéttir sé ekki tímabært að skoða hvort forsendurnar séu brostnar.


**ARI EDWALD**
Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það er augljóst að laun hafa hækkað mikið meira á Íslandi en í löndunum í kring á samningstímanum. Þó eru laun hærra hlutfall af verðmætasköpun hér en annars staðar. Það er líka ljóst að kaupmáttur hefur aldrei verið hærri á Íslandi. Hver maður getur því velt fyrir sér hvort líklegt sé að viðbrögð verði enn frekari launahækkanir,“ segir Ari.

„Þó að mæld kaupmáttaraukning sé 1,4 prósent er kaupmáttaraukningin án húsnæðisliðar 2,7 prósent,“ segir Ari.

gag@frettabladid.is




Fíton/SÍA FI011895

YFIRLIT YFIR INNEIGN ÞÍNA OG RÉTTINDI Á VR.IS

Veistu hvaða rétt þú átt?

Þú getur skoðað þína eigin stigaeign í sjóðum félagsins og yfirlit yfir greiðslu félagsgjalda á vefnum. Þú þarft einungis að sækja um lykilorð.

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR


Lögreglubílar:

# Segja bílana ekki úrelta

**LÖGREGLUMÁL** Embætti Ríkislögreglustjóra hefur gert athugasemdir við skrif blaðsins um bílamál lögreglu í gær. Í þeirri frétt kemur fram að samkvæmt viðmiðum lögreglu í nágrannaríkjum séu bílarnir úreltir. Telja menn hjá Ríkislögreglustjóra að fyrirsagnir blaðsins séu villandi og alrangar.

Fréttablaðið vill árétta að heimildir blaðsins fyrir fréttinni eru traustar. Í henni kemur skýrt fram að forráðamenn lögreglu eru ekki sammála tölum blaðamanns og ennfremur að bílamál lögreglu hafa breyst til batnaðar undanfarin ár.

Fyrirsagnir blaðsins eru ekki villandi í því samhengi sem kynnt var. Það er að segja í samanburði við reglur nágrannaþjóða, en hafa ber þó í huga að þarfir lögreglu þar og hér eru mismunandi. Til þess var ekki litið í greininni heldur eingöngu reglna um akstur og aldur hverrar bifreiðar, enda eðlileg krafa borgaranna að lögregla í landinu sé eins vel búin og mögulegt er hverju sinni. ■


**LÖGREGLUBÍLL VIÐ EFTIRLITSSTÖRF**

Bæjarstjórn Grundarfjarðar:

# Líkur á að meirihlutinn haldi út

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Töluverðar líkur eru á því að meirihlutasamstarf framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Grundarfjarðar hefjist að nýju en slit urðu á samstarfinu 23. mars síðastliðinn. Þetta kemur fram í máli Gísla Ólafssonar, varaforseta bæjarstjórnar og fulltrúa Framsóknar í bæjarstjórn.

Samstarf hefur verið með flokkunum í ellefu ár en upp úr slitnaði þegar ósamkomulag myndaðist vegna skipulagsmála varðandi leikskóla. Segir Gísli að Framsóknarflokkurinn hafi viljað láta fara betur yfir öll rök fyrir viðbyggingu leikskóla sem áður hafði verið samþykkt. Hins vegar hafi sjálfstæðismenn ekki viljað láta endurskoða fyrri ákvörðun.

Að sögn Gísla höfnuðu hinir listarnir í bæjarstjórn viðræðum um meirihlutasamstarf. Því neyðist sjálfstæðis- og framsóknarmenn til að setjast niður og komast að samkomulagi um þetta mál en fundur verður haldinn á þriðjudag. Gísli segist bjartsýnn á að samstarf flokkanna hefjist að nýju.

- sgi



**GRUNDARFJÖRÐUR**
Í mars slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í bæjarstjórn sem hafði staðið í ellefu ár.

Kosningabarátta:

# Lofa ódýru húsnæði

**ENGLAND** Allir sem þess óska munu eiga færi á að eignast þak yfir höfuðið á viðráðanlegu verði gangi kosningaloforð breska Verkamannaflokksins eftir en með slíkri yfirlýsingu hófst formlega kosningabarátta flokksins fyrir næstu þingkosningar.

Flokkurinn hyggst beita sér sérstaklega í húsnæðismálum. Hefur húsnæðisverð á flestum þéttbýlisstöðum landsins hækkað svo mjög hin síðari ár að ungt fólk og efnaminna er nánast útilokað frá því að kaupa sér fasteign en vísir að þessu sama hefur átt sér stað á suðvesturhorni Íslands undanfarna mánuði. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÁTT UM AFSÖGN**
Askar Akajev, hinn landflótta forseti Kirgisistans, og þingforsetinn Omurbek Tekebajev í Moskvu í gær.

Kirgisistan:

# Akajev undirritar afsögn

**KIRGISISTAN, AP** Askar Akajev undirritaði afsagnarbréf sitt sem forseti Kirgisistans í gær. Þetta staðfestu þingmenn ellefu dögum eftir að hann flýði land í kjölfar alþýðuuppreisnar sem leiddi meðal annars til þess að mótmælendur ruddust inn í stjórnarráðið í höfuðborginni Bishkek.

Afsögnin, sem tekur gildi í dag, var undirrituð í sendiráði Kirgisistans í Moskvu, daginn eftir að Akajev hitti sendinefnd bráðabirgðavaldhafa landsins. Fyrir henni for þingforsetinn Omurbek Tekebajev. Vonast er til að afsögnin reynist mikilvægur áfangi að því marki að koma á sáttum og stöðugleika í Kirgisistan. Akajev hafði stýrt landinu í fjórtán og hálft ár, eða allt frá því Sovétríkin liðuðust í sundur. ■

Svíþjóð:

# Femínistar bjóða fram

**SVÍÞJÓÐ** Nýr femínistaflokkur mun bjóða fram til þings í næstu þingkosningum í Svíþjóð. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í Stokkhólmi í gær. Fremstar í flokki fyrir framboðinu fara Gudrun Schyman, fyrrverandi formaður sænska Vinstriflokksins, og samherjar hennar.

„Við ætlum að byggja upp félagsskap sem er stefnt gegn feðraveldinu,“ hefur fréttavefur Dagens Nyheter eftir Sofiu Karlsson, sem á sæti í stjórn undirbúningsnefndar nýja framboðsins. Að hennar sögn sé þess vegna hugsanlegt að flokkurinn verði formannslaus. ■

## DÓMSMÁL

**SKILORÐ VEGNA HÓTANA** Ungur maður á Austfjörðum fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir húsbrot, eignaspjöll og hótanir í garð félaga síns. Viðurkenndi maðurinn sök sína en hann hefur ekki áður komið við sögu lögreglu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VOR KOMIÐ Í ÖKUMENN** Lögreglan í Borgarfirði stöðvaði sjö bíla í fyrrakvöld vegna hraðaksturs og mældist sá er hraðast ók á tæplega 150 kílómetra hraða. Segir lögregla að um fleiri sé að ræða en venjulega og kennir hækkandi sól um.


# TILKYNNING

## um sölu á hlutabréfum íslenska ríkisins í Landssíma Íslands hf.

### Söluhlutur.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, f.h. fjármálaráðherra, hyggst selja allan eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. (Símanum), alls að nafnverði **6.949.732.496** kr., í einu lagi til eins hóps kjölfestufjárfesta. Um er að ræða 98,767666% af útgefnu heildarhlutafé í félaginu.

### Sala á eignarhlut ríkisins verður háð eftirfarandi skilyrðum:

a) að enginn einn einstakur aðili, skyldir eða tengdir aðilar, eignist stærri hlut í Símanum, eða í félagi sem stofnað er til kaupa á hlut ríkisins í Símanum, en 45%, beint eða óbeint, fram að skráningu félagsins á Aðallista í Kauphöll.

b) að tiltekinn hluti keyptra hlutabréfa og ekki minna en 30% af heildarhlutafé félagsins verði af hálfu kaupanda boðinn almenningi og öðrum fjárfestum til kaups fyrir árslok 2007, og sala á hlutum í félaginu til annarra eigi sér ekki staða fyrr en að lokinni slíkri sölu.

c) að Síminn verði skráður á Aðallista Kauphallar hér á landi að uppfylltum skilyrðum Kauphallarinnar samhliða sölu til almennings og annarra fjárfesta, og innlausnarrétti verði ekki beitt gagnvart núverandi hluthöfum í Símanum (1,233%) fram að skráningu félagsins á Aðallista Kauphallar.

d) að kaupandi fari ekki með eignaraðild, beina eða óbeina, í fyrirtækjum í samkeppni við Símann hér á landi.

Athygli er vakin á því að hér er ekki um almennt útboð að ræða samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003.

### Kynningargögn

Áhugasamir bjóðendur geta óskað eftir kynningargögnum með því að senda umsjónaraðila útboðsins, Morgan Stanley Ltd. í Lundúnum, skriflegt erindi þess efnis. Nánari upplýsingar er jafnframt unnt að nálgast hjá umsjónaraðila.

Erindi til umsjónaraðila útboðsins skulu merkt:

*Morgan Stanley Ltd.*
*European Media & Communications Group*
*att. Bertrand Kan*
*25 Cabot Square, Canary Wharf*
*London E14 4QA*
*UK.*

### Aðferðafræði við sölu

Allir áhugasamir aðilar, sem hafa til þess getu, nægjanlega reynslu og fjárhagslegan styrk til að ljúka kaupum, koma til greina sem kaupendur. Upplýsingar um gang söluferlisins verða gefnar út með reglulegu millibili, en eðli máls samkvæmt verða ákveðnar upplýsingar varðandi söluferlið bundnar trúnaði, sem og til að viðhalda forsendum til samkeppni.

Stefnt er að því að ljúka söluferlinu í júlí n.k. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum. Ráðherranefnd um einkavæðingu tekur ákvörðun um við hvaða aðila verður samið, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Við mat á tilboðum verður meðal annars horft til verðs, fjárhagslegs styrks og lýsingar á fjármögnun, reynslu af rekstri fyrirtækja, hugmynda og framtíðarsýn varðandi rekstur Símans, starfsmenn fyrirtækisins og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin, og annarra viðeigandi þátta.

### Skil á óbindandi tilboðum

Þeir aðilar sem áhuga hafa á að koma til álita sem kaupendur eignarhlutar íslenska ríkisins í Landssíma Íslands hf. skulu skila inn tilboðum til Morgan Stanley **fyrir kl. 16.00 föstudaginn 6. maí 2005.**

Nöfn tilboðsgjafa verða kynnt opinberlega að tilboðsfresti liðnum og verða óskir um nafnleynd ekki virtar.

Síminn

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** TRYGGVI FELIXSON

# *Kirkjunnar menn að taka við sér*

„Nú berast þau tíðindi frá Bandaríkjunum að kirkjuleiðtogar hafi komist að þeirri niðurstöðu að loftslagsbreytingar af mannavöldum valdi svo mikilli eyðileggingu á sköpunarverki guðs að bregðast verði við. Þarna tala aðilar sem mikil áhrif hafa innan Repúblikanaflokksins,“ sagði Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, vongóður um að í Bandaríkjunum færu ráðamenn að vakna til vitundar um gildi landverndar. „Það má vænta þess að þetta gæti haft áhrif á stefnu þessarar ríkisstjórnar sem verið hefur ákaflega léttlynd í umhverfismálum, aukið olíuvinnslu og hyglt tengdum hagsmunum, en dregið úr verndun andrúmsloftsins og dregið sig úr mikilvægu alþjóðlegu samstarfi á borð við Kyoto-bókunina. Vonandi boðar þetta eitthvað betra, enda kristinna manna að bregðast við og benda á ef verið er að spilla sköpunarverkinu. Þetta er þörf umræða sem virðist vera vaxandi hjá kristnum áhrifamönnum í Bandaríkjunum.“

Annað sagði Tryggvi, þegar hann var inntur tíðinda, það helsta fréttnæma af erlendum vettvangi vera stóra skýrslu á vegum Sameinuðu þjóðanna um vistkerfi heimsins sem kynnt var í síðustu viku og dregur upp dökka mynd af ástandi mála. „Hún segir leynt og ljóst að ekki verði haldið áfram á sömu braut. Við þiggjum mikla þjónustu af vistkerfum jarðarinnar og höfum gengið það rösklega í að spilla þessum undirstöðuforsendum lífs okkar á jörðinni að ljóst má vera að illa fari ef ekkert er að gert.“

Hér heima sagði Tryggvi svo síðustu tíðindi slæm því umhverfisráðherra staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar um heimildir nýrrar rafskautaverksmiðju, en Landvernd hafði kært úrskurð stofnunarinnar. „Niðurstaðan er að stofna má til starfsemi sem losar hættuleg efni út í andrúmsloftið án þess að til séu lögformleg mörk hér.“



**TRYGGVI FELIXSON**
Framkvæmdastjóri Landverndar.

## SVONA ERUM VIÐ



**FÓSTUREYÐINGAR 1995 TIL 2003***

| Ár | Heildarfjöldi |
|---|---|
| 1995 | 807 |
| 1996 | 854 |
| 1997 | 921 |
| 1998 | 914 |
| 1999 | 935 |
| 2000 | 987 |
| 2001 | 967 |
| 2002 | 900 |
| 2003 | 951 |

*Heimild: Landlæknisembættið.

## SJÓNARHÓLL

**FÍKNIEFNAINNFLUTNINGUR REYNIS TRAUSTASONAR**

# *Á skilið að vera dæmdur*

„Mér finnst þessi vinnubrögð blaðamannsins ekki verjandi,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir kennari um tilraun Reynis Traustasonar blaðamanns til að flytja kókaín til landsins. Reynir segir þetta tengt vinnu sinni að bók og mynd um líf dópsmyglara. Reynir komst í gegnum tollinn á Leifsstöð með tæpt gramm af kókaíni en gaf sig fram við tollverði og afhenti þeim efnið. „Mér finnst að það eigi að dæma hann fyrir fíkniefnainnflutning eins og alla aðra sem reyna þetta,“ segir Margrét Gauja. „Tilgangurinn helgar ekki meðalið þegar maður er vísvitandi farinn að brjóta lög. Mér finnst ekki skipta miklu máli þótt hann hafi gefið sig fram við tollverði. Það á ekki að láta menn komast upp með það að brjóta lögin á þennan hátt.“ Reynir segir að hann hafi verið að reyna að upplifa sömu tilfinningu og maðurinn sem hann er að skrifa um. Margréti finnst það ekki sannfærandi málsvörn. „Ég hef litla trú á því að „stjörnublaðamaður“ sem hefur það gott á Íslandi geti sett sig í sömu spor og dæmigert burðardýr; það liggur miklu meira að baki en þetta.“ Margrét finnst líka að siðanefnd Blaðamanna Íslands eigi að fjalla um málið og ávíta Reyni fyrir uppátækið.



**MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GUÐMUNDUR VIÐ GATNAMÓTIN** Guðmundur segir að frágangur við gatnamótin hafi verið með því móti að illgerlegt hafi verið að sjá á ljósin.

# Fékk ekki að fara í fangelsi

**Guðmundur R. Guðmundsson átti 60 ára flekklausan bílstjóraferil að baki þegar hann fékk umferðarsekt árið 2002. Hann telur málatilbúnaðinn vafasaman og svíður að hafa verið sviptur réttinum til að sitja af sér sektina í fangelsi.**

Guðmundur R. Guðmundsson, hálfníræður fyrrverandi slökkviliðsstjóri, segir farir sínar ekki sléttar og hefur um árabil barist við ríkisbáknið til að fá greitt úr sínum málum. Hann átti að baki rúmlega 60 ára farsælan og flekklausan bílstjóraferil þar til í apríl árið 2002 þegar hann var sektaður fyrir að aka yfir á rauðu ljósi á gatnamótum Hringbrautar og Snorrabrautar.

Guðmundur er ekki alls kostar sáttur. „Það voru einhverjar framkvæmdir í gangi þarna og búið að koma fyrir háum ljósum sem skyggðu fyrir umferðarljósin. Þegar ég kom að gatnamótunum kom grænt ljós sem stóð í varla meira en sekúndu og í sama mund kom rautt ljós og skær bjarmi sem reyndist vera frá ljósmyndavél.“ Guðmundur vill meina að frágangur við gatnamótin hafi verið til þess fallinn að ökumenn sæju ekki umferðarljósin og sendi ríkislögreglustjóra skriflegar athugasemdir. „Allt kom fyrir ekki. Þeir heimtuðu meira að segja að ég færi að ganga með gleraugu. Ég fór til augnlæknis og hann sendi mig til baka með kvittun upp á það að það amaði ekkert að sjóninni minni.“

Guðmund svíður þó sárast að hann var sviptur réttinum til að sitja skuldina af sér í fangelsi. „Þetta var fimmtán þúsund króna sekt, en ég hafði ekki áhuga á að láta þá peninga renna til lögreglunnar og fór fram á að fá að sitja af mér skuldina. Þá fékk ég þau svör að það væri búið að kanna skattgreiðslur mínar og þeir vissu að ég væri alveg borgunarmaður fyrir sektinni. Greiddi ég ekki myndu þeir taka bílinn minn eignarnámi.“ Guðmundur sá sér því þann kostinn illskástan að greiða sektina. Hann hefur þó ekki lagt árar í bát til að fá mál sín leiðrétt en kemur víðast hvar að lokuðum dyrum í stjórnsýslunni. „Peningarnir skipta ekki máli í sjálfu sér, þetta er prinsippmál og ég vil frekar vita af þessum fimmtán þúsund krónum hjá líknarsamtökum en hjá lögreglunni, fyrst þeir beita svona meðulum.“

bergsteinn@frettabladid.is





GRUNNNÁM Í PHOTOSHOP



**Að eiga stafræna myndavél og kunna ekki á Photoshop er eins og að eiga bíl og kunna ekki að keyra!**

Á þessu námskeiði er lögð áhersla á hvernig hægt er að nota þetta magnaða forrit til eftirvinnslu og lagfæringar stafrænna mynda úr myndavélum eða skönnum. Áhugavert og skemmtilegt 30 stunda námskeið í þessu frábæra forriti.

- **Kvöldnámskeið**
  Mánud. og miðvikudaga frá 18-22.
  og einn laugardag frá 13-17
  Byrjar 18. apríl og lýkur 27. apríl.
- **Morgunnámskeið**
  Mán. mið. og fös frá 8:30-12:30.
  Byrjar 25. apríl. og lýkur 9. maí.

ntv.is

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**


Jóhannes Páll:

# Ekki sérlega trúrækinn

„Það eru engin tengsl þarna á milli, þetta er hrein tilviljun og ég er ekki einu sinni kaþólskur,“ segir Jóhannes Páll Magnússon lyfjafræðingur þegar hann er spurður hvort hann sé skírður í höfuðið á páfanum sáluga. Jóhannes fæddist í september árið 1978 um svipað leyti og Jóhannes Páll I var vígður páfi. Hann dó aðeins mánuði síðar en þá tók við af honum Jóhannes Páll II sem andaðist á laugardagskvöld. Jóhannes lyfjafræðingur segir að nafni sinn í Róm hafi ekki haft mikil áhrif á líf sitt.“ Ég hef stundum verið uppnefndur páfinn í einhverju gríni, en þetta hefur annars ekki truflað mig mikið í gegnum tíðina“, segir hann og hlær.

Jóhannes þykir ekki líklegur eftirmaður nafna síns þar sem hann er skírður inn í lútherska kirkju og ekki sérlega trúrækinn að eigin sögn. „Ég hugsa að ég sé meiri raunvísindamaður.“

Jóhannes Páll páfi á 16 nafna á Íslandi, sá elsti er fæddur árið 1924 en sá yngsti árið 2004.

- bs



**FREDDY LIFIR** Halda mætti að Freddy Mercury væri genginn aftur en svo er ekki, heldur er þetta eldheitur japanskur aðdáandi söngvarans sáluga sem klæðist gervi hans.

Ásatrú kynnt:

# Val milli guðs og goða

Ásatrúarfélagið mun beita sér fyrir auknu jafnrétti í trúarbragðafræðslu innan grunnskólans á næsta ári. Ályktun þess efnis var samþykkt á samráðsfundi goða og Lögréttu Ásatrúarfélagsins á dögunum.

„Umræða um trúarbragðafræðslu í skólum hefur leitt í ljós að mikið ójafnvægi er á aðkomu einstakra trúfélaga í skólunum og viljum við kynna siðfestu að heiðnum sið sem raunhæfan valkost í stað kristinnar fermingar,“ segir Óttar Ottósson lögsögumaður félagsins.

Ekki stendur til að svo stöddu að fara inn í grunnskólana sjálfa til að kynna ásatrú og siðfestuna heldur verða kynningafundir haldnir í húsnæði félagsins við Granda í haust þangað sem ungmennum verður boðið að mæta ásamt foreldrum sínum.

„Við höfum umburðarlyndi að leiðarljósi og þröngvum okkur ekki upp á skólana, en komum að sjálfsögðu sé okkur boðið,“ segir Óttar.

- keþ



**SIÐFESTA KYNNT** Ásatrúarfélagið vill kynna siðfestu að heiðnum sið fyrir ungmennum.



**GEORGE W. BUSH** Stjórnvöld vilja hafa puttana í kynlífsfræðslu foreldra til barna sinna.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum:

# Prédika hófsemi í kynlífi

Fjölmargir þrýstihópar hafa farið fram á að bandarísk stjórnvöld loki einni af nýrri vefsíðum sínum þar sem foreldrum er bent á hvernig best sé að ræða kynlíf við börn sín.

Þykir efni síðunnar afar hlutdrægt en foreldar eru þar sérstaklega hvattir til að prédika bindindi og hófsemi fyrir börnum sínum þegar að kynlífi kemur. Telja ýmis samtök það gott og blessað en einnig þurfi að benda á nauðsyn getnaðarvarna ef til kynlífs kæmi en engar upplýsingar er að finna um slíkt. ■


# Róm

12. maí

frá kr. 39.990

Hvítasunnuferð

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri til að kynnast töfrum borgarinnar eilífu undir öruggri leiðsögn fararstjóra Heimsferða. Í Róm upplifir þú árþúsundamenningu og andrúmsloft sem er einstakt í heiminum. Péturstorgið og Péturskirkjan, Vatíkanið, Spænsku tröppurnar, Colosseum, Forum Romanum og Pantheon hofið, auk halla og meistaraverka endurreisnartímans. Glæsilegir gistivalkostir í boði.

Verð frá kr. 39.990

Flugsæti með sköttum.
Netverð.

Verð frá kr. 79.990

Flug, skattar, gisting á Hotel Center í 7 nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn. Netverð.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is



5

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:

Honda jazz vinningar í apríl



Drögum í dag

Rúnar Júlíusson tónlistarmaður:

„Vertu með í að byggja upp betra líf.
Fáðu þér miða“

Veldu þér vinningsnúmer í síma
552 2150 eða á www.sibs.is

Láttu reyna á heppnina
- þú gætir unnið milljónir í verðlaun fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

Vertu með
- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér

HÉR & NÚ / SÍA



Nýtt

Nú getur þú keypt mánaðarmiða við kassann í Hagkaupum

22 Honda Jazz bifreiðar
léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls.
Skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard, Vatnagörðum

2005

3.750 Kjarvalsbækur



HAPPDRÆTTI SÍBS

...fyrir lífið sjálft

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Iðnaðarráðherra hefur farið þá skynsamlegu leið að láta kanna hug íbúa á Norðurlandi til álvers og virkjana

# Allt bendir til álvers á Húsavík

Að undanförnu hefur Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra kynnt íbúum á Norðurlandi niðurstöður könnunar varðandi afstöðu fólks þar til álvera og virkjana. Lengi hefur verið talað um að reisa álver í Eyjafirði og þar hafa verið gerðar margskonar athuganir varðandi slíka stóriðju. Menn hafa einblínt þar á ákveðna staði út með firði og gert áætlanir út frá því. Ekkert varð hinsvegar úr framkvæmdum, því þáverandi ráðamenn í iðnaðarráðuneyti höfðu meiri áhuga á að næsta álver yrði reist í þeirra kjördæmi eða á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd. Raunin varð hinsvegar sú að ekkert varð úr þeim fyrirætlunum, og næsta álver reis á Grundartanga í Hvalfirði og þar er nú unnið hörðum höndum að stækkun þess.

**„Fram til þessa hafa verið uppi mjög mismunandi skoðanir um það, hvar á Norðurlandi álver ætti að rísa, en nú virðast vera komnar hreinni línur í það mál og bendir allt á fyrirhugaðan stað skammt sunnan Húsavíkur.**

Á undanförnum misserum hafa svo Norðlendingar aftur sýnt áhuga á álveri, og að þessu sinni kemur þessi áhugi úr mörgum áttum og rætt er um marga staði , því menn sjá hvers konar kraftur kemur í allt líf á þeim stöðum þar sem stóriðja rís. Nú er aðallega rætt um fjóra staði fyrir álver á Norðurlandi. Þessir staðir eru Húsavík, Eyjafjörður, Skagafjörður og sunnan Skagastrandar. Iðnaðarráðherra hefur farið þá skynsamlegu leið að láta kanna hug íbúa á Norðurlandi til álvers og virkjana og síðan hafa þessar niðurstöður verið kynntar á hverjum stað. Þegar búið er að kynna þessar niðurstöður á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki kemur í ljós að langmestur áhugi er fyrir álveri meðal Þingeyinga, og þarf það í sjálfu sér ekki að koma á óvart þegar tillit er tekið til allra aðstæðna og þeirra frumhugmynda sem þar eru uppi um álver. 66 prósent þeirra Þingeyinga sem spurðir voru kváðust hlynntir álveri í nágrenni Húsavíkur, rúmlega 51 prósent Eyfirðinga og Akureyringa sögðust hlynntir álveri í nágrenni Akureyrar og áhugi Skagfirðinga var áberandi minnstur, því þar vildu aðeins 37 prósent aðspurðra álver í Skagafirði. Þegar Eyfirðingar og Akureyringar voru svo spurðir um hvort þeir væru hlynntir álveri á Norðurlandi utan Eyjafjarðar kom í ljós að um tveir þriðju þeirra eru hlynntir því, meira en helmingur Þingeyinga var hlynntur álveri annarsstaðar á Norðurlandi og svipaðar undirtekir voru við sömu spurningu í Skagafirði.

Fram til þessa hafa verið uppi mjög mismunandi skoðanir um hvar á Norðurlandi álver ætti að rísa, en nú virðast vera komnar hreinni línur í það mál og bendir allt á fyrirhugaðan stað skammt sunnan Húsavíkur. Húsavík og nágrenni hefur marga heppilega kosti varðandi meðalstórt álver. Þar vegur þyngst að tiltölulega stutt er í orkulindir á Þeistareykjasvæðinu sem virkjaðar yrðu og því minni áhrif á umhverfið af miklum háspennulínum en víða annarsstaðar. Eftir fundaferð Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra ættu menn þvi að geta farið að huga fyrir alvöru að staðsetningu nýs álvers, þar sem meginhluti orkunnar til álversins yrði fenginn úr iðrum jarðar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á sömu leið og Þorsteinn




Össur Skarphéðinsson hóf kosningabaráttu sína fyrir formannskjör Samfylkingar og kynnti þar slagorð sitt: „Á réttri leið“. Langminnuga Sjálfstæðismenn rekur minni til þess að þetta slagorð hafi verið notað áður. Þetta var nefnilega yfirskrift landsfundar Sjálfstæðisflokksins árið 1986. Á forsíðu Stefnis, rits ungra Sjálfstæðismanna, þetta sama ár er mynd af Þorsteini Pálssyni, þáverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann stendur í ræðustól undir slagorðinu skrifuðum stórum stöfum. Nú geta gárungarnir velt því fyrir sér að Össur sé á sömu leið og Þorsteinn. Hans örlög urðu þau að vinsæll varaformaður sem unnið hafði borgina úr höndum andstæðinga sinna lagði hann að velli í formannskjöri, Davíð Oddsson. Nú reynir Össur að verjast atlögu annars vinsæls varaformanns sem vann borgina úr höndum andstæðinga sinna, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

### Nýyrðasmíð á þingi

Formenn stjórnmálaflokkanna eru duglegir í nýyrðasmíð. Frægt er orðið sem Davíð Oddsson utanríkisráðherra fann Samfylkingunni: afturhaldskommatittsflokkur. Fleiri formenn geta þó fundið ný orð þegar þeim finnst þau gömlu ekki duga til að túlka skoðun sína. Steingrímur J. Sigfússon lætur sitt ekki eftir liggja enda þekktur fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið. Honum ofbauð hvernig standa á að sölu Símans og var fljótur að greina það lýðræði sem byði upp á slíkar aðferðir. Hrossakaupsforingjalýðræði heitir fyrirbærið í huga formanns Vinstrihreyfingar – græns framboðs. Orðabókarskýringin væri eitthvað á þá leið að formenn stjórnarflokkanna kæmust að samkomulagi um hvað skyldi gera og síðan fylgdu þingmenn og ráðherrar þeim í blindni.



brynjolfur@frettabladid.is

# Ráðstöfun opinbers fjár

Í DAG
SKATTFÉ



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

„Ekki dettur mér í hug að stíga í ofan í þann grugguga pytt, sem eru málefni Samfylkingarinnar í nútíð, né framtíð, en get þó ekki annað en stungið niður penna til andsvara við rakalausum þvættingi alþingismannsins sem birtist í greininni.“ Þetta er tilvitnun í grein eftir oddvita Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, sem birtist í Mogganum í síðustu viku. Þetta er sko almennilegt! Ekkert hálfkák, þeir sem ekki eru í sama stjórnmálaflokki og maður sjálfur eru í gruggugum (ég velti fyrir mér hvort kannski hefði verið áhrifameira að segja „fúlum“) pytti og þeir sem eru annarrar skoðunar en maður sjálfur fara með rakalausan þvætting. Í gamla daga þótti það góð aðferð í stjórnmálaumfjöllun að birta sem verstar myndir af andstæðingum, flokksblöðin, sem þá réðu lögum og lofum á fjölmiðlamarkaði, stóðu sig þeim mun betur sem stærra myndasafn af greppitrýnum þau höfðu í fórum sínum. Ég held að sú taktík hafi ekki skilað miklum árangri og eins held ég að þessi taktík í samskiptum fólks hvort heldur er á sviði stjórnmálanna eða bara í daglegri umgengni sé ekki heilladrjúg til framfara.

**„Afleiðingin er sú að við eigum ekki peninga til að halda uppi almennilegu velferðarkerfi, gamla fólkið býr við ófullkomnar aðstæður, sjúkrahús allra landsmanna er rekið í ófullkomnu húsnæði og þess vegna allt of dýrt og menn velta því fyrir sér í alvöru hvort ekki sé rétt að unga fólkið borgi fyrir að ganga í háskóla.**

Samt er það svo að á stundum mættu ráðamenn vera afdráttarlausari en þeir gjarnan eru. Þá er ekki verið að kalla eftir stórum orðum heldur skoðunum á einstökum málum. Hvað finnst Reykjavíkurþingmönnum um flugvöllinn? Er fjármálaráðherrann sammála þeim sem kalla sig frjálshyggjumenn um að leikskólinn eigi ekki að verða gjaldfrjáls? Þannig háttar nefnilega að ráðamenn, sem ráðstafa skattpeningum okkar, fara stundum eins og kettir í kringum heitan graut eða þegja þunnu hljóði. Þetta á sértaklega við þegar kemur að ráðstöfunum, sem augljóslega eru fámennum hópum – nú eða byggðarlögum til mikils framdráttar, en meiða svo sem engan á annan hátt en þann að peningarnir verða ekki notaðir í annað á meðan. Héðinsfjarðargöngin eru dæmi um þetta. Á Siglufirði halda menn veislu með kórsöng og hvað þá heldur öðru og samgönguráðherrann fær enn einu sinni lófaklapp, svona líkt og hann fékk á Reykjanesi þegar hann færði þeim stækkun Keflavíkurvegarins og á Vestfjörðum þegar hann færði þeim þveraða firði – hvert ætli ferð hans sé annars heitið næst?

Fyrir nokkrum mánuðum síðan hlustaði ég á hagfræðing halda fyrirlestur um samgöngur, þróun þeirra og áhrif þeirrar þróunar á byggð í landinu. Á Siglufirði varð blómleg byggð vegna náttúrulegrar hafnar og nálægðar við fiskimiðin. Höfnin var líka miðstöð vöruflutninga, svona „hub“ eins og nú til dags er talað um í fluginu. Stór skip settu vörur í land á Siglufirði og síðan voru þær fluttar með minni skipum inn Eyjafjörðinn til Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Akureyrar. Svo fóru bæði síld og fiskur frá Siglufirði og vegasamgöngur bötnuðu þannig að ekki tók því fyrir stóru vöruflutningaskipin að sigla norður fyrir til Siglufjarðar og þá dalaði byggðin.

– Gárungarnir segja að göngin verði fyrst og fremst til þess að auðveldara verði að keyra burt frá Siglufirði. Stundum hafa þeir rétt fyrir sér.

Mér er væntanlega hollast að vera ekki mikið að þvælast á Siglufirði á næstunni, ef einhver þar yfirleitt les þessar hugleiðingar. Meira að segja Pétur Blöndal treysti sér ekki til að segja að framkvæmdin væri arfavitlaus, heldur orðaði það svo að aðrar væru betri. Ákvarðanir af þessu tagi eru hins vegar afdrifaríkar. Ef alltaf er verið að ráðast í óarðbæra fjárfestingu hvort heldur er í samgöngumálum eða stórvirkjunum til að þóknast og kæta lítil byggðarlög þá er peningunum eytt í vitleysu eins og sagt er. Afleiðingin er sú að við eigum ekki peninga til að halda uppi almennilegu velferðarkerfi, gamla fólkið býr við ófullkomnar aðstæður, sjúkrahús allra landsmanna er rekið í ófullkomnu húsnæði og þess vegna allt of dýrt og menn velta því fyrir sér í alvöru hvort ekki sé rétt að unga fólkið borgi fyrir að ganga í háskóla. Eitthvað sem þóttu nú bara almenn mannréttindi hjá minni kynslóð. ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.31 | 13.30 | 20.32 |
| AKUREYRI | 6.11 | 13.15 | 20.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**heilsa o.fl.**
Dætur elta venjur mæðra sinna
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 5. apríl, 95. dagur ársins 2005.





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir




Hlynur æfir fótbolta tvisvar í viku með gömlum skólafélögum sínum.

# Fótbolti númer eitt, tvö og þrjú

***Hlynur Sigurðsson, stjórnandi fasteignasjónvarpsins Þak yfir höfuðið á SkjáEinum, hefur prófað næstum allar íþróttir en það er ein sem stendur upp úr.***

„Ég geri nú ýmislegt mér til heilsubótar. Ég fer meðal annars í innanhússfótbolta tvisvar sinnum í viku. Þar hittumst við gamlir skólafélagar, menn á besta aldri, og spilum fótbolta sem mér finnst rosalega skemmtilegt. Þess á milli fer ég út að hlaupa og á sumrin fer ég reglulega í golf og körfubolta," segir Hlynur sem situr svo sannarlega ekki aðgerðarlaus í heilsubótarmálunum.

„Mér finnst samt langskemmtilegast í fótboltanum og líka fínt í körfuboltanum. En fótboltinn er númer eitt, tvö og þrjú. Ég hleyp meira af skyldurækni heldur en mér finnst það voðalega gaman. Ég var að æfa fótbolta með FH í gamla, gamla daga og æfði þá líka handbolta, badminton og körfubolta. Þannig að ég er búinn að vera í öllum íþróttum," segir Hlynur sem hugsar líka sitt hvað um mataræðið. „Ég er nýverið farinn að spá í mataræðinu og farinn að passa mig. Ég er að reyna að hætta að sitja heima og borða franskar kartöflur og reyni að borða ruslfæði mjög sjaldan og borða eðlilega. Ég er enginn ofsatrúarmaður í þessum málum."

*lilja@frettabladid.is*

# Sæði og egg njóta ekki nafnleyndar

BÖRN SEM VERÐA TIL MEÐ GERVIFRJÓVGUN GETA Í FRAMTÍÐINNI HAFT UPPI Á KYNFORELDRUM SÍNUM.

Samkvæmt nýjum lögum á Bretlandi hafa sæðis- og eggjagjafar ekki lengur rétt til nafnleyndar, segir á vef BBC. Börn sem verða til með gjafasæði eða -eggjum geta því haft upp á blóðforeldrum sínum þegar þau ná átján ára aldri. Lögin eru ekki afturvirk þannig að þeir sem þegar hafa gefið kynfrumur sínar til að gera öðrum kleift að eignast börn munu ekki verða nafngreindir. Talið er að um eitt af hverjum sjö pörum í Bretlandi eigi við frjósemisvandamál að stríða og að sjö þúsund konur gangist undir gervifrjóvgun með þeim árangri að tvö þúsund börn fæðast ár hvert. Helstu breytingar vegna nýju laganna verða þau að þessi börn geta haft uppi á kynforeldrum sínum en geta samt engar kröfur gert til þeirra, hvorki fjárhagslegar né lagalegar. Kynfrumugjafarnir munu hins vegar ekki hafa möguleika á því að finna börnin sem getin eru með gjöfum þeirra.



Sæðisfrumur verða framvegis merktar nafni þess sem gefur.

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í heilsu*

**Landlæknir** segir á heimasíðu sinni að mælst sé til þess að fólk sem ferðast til Asíu forðist fuglamarkaði, búgarða og snertingu við lifandi hænsfugla og aðra fugla. Ferðafólk ætti jafnframt að neyta kjöts og eggja sem eru vel soðin og þvo sér vel og oft um hendur. Ástæða þessa er fuglaflensan sem geisar í Asíu og hefur lagt um fimmtíu manns að velli.



**Nýr hjúkrunarforstjóri** Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er Anna María Snorradóttir en um nýja stöðu er að ræða. Sex sóttu um stöðuna en starf hjúkrunarforstjóra felur í sér stjórn hjúkrunar á stofnuninni og setu í framkvæmdastjórn.

**Gjaldskrá tannlækna** á að vera sýnileg á tannlæknastofum og útdráttur úr henni á að liggja frammi á biðstofu tannlækna samkvæmt samkeppnislögum sem tóku gildi síðasta haust. Þetta hefur ekki gengið nógu vel eftir ef marka má nýja könnun Samkeppnisstofnunar en samkvæmt niðurstöðum hennar var aðeins tæpur helmingur tannlækna, eða um 40%, með gjaldskrána sýnilega viðskiptavinum. Stofnunin hvetur tannlækna til að fara að settum reglum.



**Alþjóðaheilbrigðisdagurinn** er næstkomandi fimmtudag, 7. apríl. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur fyrir þessum degi og að þessu sinni verður sjónum beint að heilbrigði móður og barns. Stofnunin hefur valið deginum einkunnarorðin „Make every mother and child count". Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar: http://www.who.int/world-health-day/2005/en/.

*heilsa@frettabladid.is*




**Stress**
Mikið stress getur haft skaðleg áhrif á heilsufarið og því mikilvægt að reyna að draga úr því. Mikilvægt er að hvíld sé ofarlega í forgangsröðinni og nægur svefn ef maður er undir miklu álagi.




**Lithimnulestur**
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag
Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.
Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

**Flott í sumar**
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

**Birkiaska**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
BETUSAN

**Sykurlaus jógúrt!**
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

**Silicol Skin**
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

EAS Advant Edge
Coffee House
• 15 grömm prótein
• Kolvetnasnauður
• Vítamín og steinefni
• 110 hitaeiningar
• Alvöru kaffi
• Hentar sykursjúkum!
EAS Líkami Lífið
ÁSKORUN
Hollar, hentugar og hagkvæmar máltíðir í næstu matvörubúð.

**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
Sértímar í kraftyoga
www.yogaheilsa.is




Barbara Berger telur að hamingjan felist í jákvæðum hugsunum.

# Fjórar leiðir til hamingju

***Barbara Berger býður upp á holla skyndibita fyrir sálina í Manni lifandi miðvikudags- og fimmtudagskvöld.***

Eignir Björgólfs Thors Björgólfssonar eru metnar á 400 milljónir punda eða 46 milljarða króna, eignir Lýðs og Ágústs Guðmundssonar eru metnar á 100 milljónir punda eða rúma 11 milljarða íslenskra króna. Eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eru metnar á 65 milljónir punda eða 7,4 milljarða króna.

Athygli vekur að Sunday Times metur eignir Björgólfs Thors mun lægra en Forbes en þar voru eignir hans metnar á 84 milljarða króna, mismunurinn er hátt í 40 milljarðar. Sunday Times metur eignir fólks eftir landareignum, fasteignum og verðmætum eignarhlutum í skráðum félögum. Líklegt þykir að eignir þessara einstaklinga séu verðmætari en Sunday Times telur.

Íslendingar eru ekki einu útlendingarnir á listanum og sjö af 10 ríkustu Bretunum koma frá öðru landi en Bretlandi og eru Skandínavar og Rússar áberandi á listanum.

- dh



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**EINKAVÆÐINGANEFND KYNNIR SÖLU SÍMANS** Enginn má eiga meira en 45 prósent í Símanum til ársloka 2007. Eftir það á fyrirtækið að vera komið á aðallista Kauphallar Íslands og öll skilyrði um eignarhald falla niður. Þá skal vera búið að bjóða almenningi og öðrum fjárfestum 30 prósent af heildarhlutafé til kaups.

# Síminn seldur í heilu lagi

**Selja á allan eignarhlut ríkisins í Símanum til eins hóps fjárfesta. Þó má enginn eiga meira en 45 prósent í fyrirtækinu. Ekki er búið að ákveða hvaða vægi aðrir þættir en verð hafa þegar tilboð verða metin. Með sölunni nú lýkur ferli sem hófst 2001 og hefur verið í undirbúningi frá 1999.**

**VIÐSKIPTI** „Ákvörðun hefur verið tekin um það að selja allan eignarhlut ríkisins í einu lagi til hóps fjárfesta," segir Jón Sveinsson, formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu, um sölu Símans sem á að vera lokið í júlí næst komandi. Hann segir helstu rökin fyrir því að selja Símann í heilu lagi vera fyrst og fremst þau, að þá fáist hærra verð fyrir hlut ríkisins.

„Í öðru lagi er tryggt með kvöð og síðari samningum við væntanlegan kaupanda að fyrirtækið verði skráð á aðallista í Kauphöll fyrir árslok 2007. Og í þriðja og síðasta lagi er talin töluverð áhætta í því að skipta sölunni upp og draga seinni áfanga, því enginn getur sagt fyrir um það hvernig markaðsaðstæður í þessu sambandi muni þróast."

Í gærmorgun hittist ráðherranefnd um einkavæðingu og samþykkti sölufyrirkomulag Símans. Í hádeginu kom ríkisstjórnin saman og fjallaði um málið og að því loknu var boðað til blaðamannafundar til að kynna næstu skref. Stuttu áður kynnti Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, málið á Alþingi.

Jón vill ekki gefa upp neitt verð á fyrirtækinu. Nú sé hafið uppboðsferlið þar sem hæstbjóðandi sé í góðri stöðu til að kaupa Símann að uppfylltum öðrum skilyrðum. Hann segir markaðsaðstæður nú hagstæðar og áhugi sé á fyrirtækinu hjá innlendum og erlendum fjárfestum.

Ekki á að skilja grunnetið frá við söluna. „Það eru engin dæmi um það að slíkt kerfi hafi verið skilið frá við sölu á öðrum símafyrirtækjum sem að minnsta kosti við þekkjum til," segir Jón. Samkeppni sé í rekstri grunnneta á EES svæðinu og lög hér á landi tryggi aðgang annarra markaðsaðila að því.

Jón segir aðspurður ekki búið að ákveða vægi þeirra þátta sem horft verður til við mat á tilboðum. Verð er einn þáttur, fjárhagslegur styrkur, reynsla af rekstri fyrirtækja og framtíðarsýn eru meðal þeirra atriða sem munu skipta máli. Jón segir þetta skýrast síðar í ferlinu.

Hvað varðar sölu á 30 prósenta hlut til almennings og annarra fjárfesta fyrir árslok 2007 segist Jón reikna með að almennar reglur um sölu hlutabréfa muni gilda. Framkvæmdin verði í höndum eigenda fyrirtækisins samkvæmt samningi við ríkið. Miðað verði líklega við það verð sé á Símanum á þeim tíma.

bjorgvin@frettabladid.is

### Helstu skilyrði

1. Enginn einn einstakur aðili má eignast meira en 45% hlut. Það þýðir að þrír aðilar verða að vera á bak við hvert tilboð.
2. Ekki minna en 30% af heildarhlutafé Símans verði boðin almenningi og öðrum fjárfestum til kaups fyrir árslok 2007.
3. Síminn verði skráður á aðallista Kauphallarinnar að uppfylltum skilyrðum sem þar gilda fyrir sama tíma.
4. Kjölfestufjárfestir fari ekki með beina eða óbeina eignaraðilda í fyrirtækjum í samkeppni við Símann hér á landi.

### Söluferli Símans

Í dag er Síminn auglýstur til sölu í fjölmiðlum. Stefnt er að því að söluferlinu verði lokið í júlí og Landssími Íslands þá að öllu leyti kominn úr höndum ríkisvaldsins. Þeir fjárfestar sem hafa áhuga verða að fara í gegnum eftirfarandi skref:

1. Þeir sem hafa áhuga á að kaupa Símann, einstaklingar eða stjórnendur félaga, gefa sig fram við einkavæðinganefnd. Gegn því að undirrita trúnaðaryfirlýsingu eru þeim afhend gögn sem geyma nokkuð ítarlegar upplýsingar úr rekstri fyrirtækisins.
2. Til og með 6. maí næst komandi geta fjárfestar sem enn hafa áhuga skilað inn óbindandi tilboði í Símann. Á það að gefa grófa mynd af þeim hugmyndum sem þeir hafa um kaupin og framtíð fyrirtækisins. Verða að minnsta kosti þrír óháðir aðilar að standa á bak við hvert tilboð.
3. Einkavæðinganefnd fer yfir tilboðin og flokkar þau. Þeir einstaklingar og hópar sem eru taldir uppfylla lágmarksskilyrði fá að gera bindandi tilboð í Símann. Fá þeir í hendur enn ítarlegri upplýsingar úr rekstri Símans til að geta unnið tilboðið.
4. Í júlí tekur ráðherranefnd um einkavæðingu ákvörðun um það, hverjum Síminn verður seldur. Þá hefur einkavæðinganefnd flokkað tilboðin eftir verðtilboði, fjárhagslegum styrk tilboðsgjafa, reynslu hans af rekstri fyrirtækja, framtíðarsýn og hvernig hann hyggst ná markmiðum ríkisins um einkavæðingu.
5. Fyrir árslok 2007 skal bjóða almenningi og öðrum fjárfestum að kaupa ekki minna en 30% af eignarhlut Símans. Þá á að skrá fyrirtækið á aðallista í Kauphöll Íslands.





Með **MCP** námskeiðinu er markmiðið að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á **Windows XP** st rikerfinu. Nemendur öðlast víðtækan skilning á netkerfum og læra að leysa vandamál sem að þeim snúa. Einnig er Windows 2003 Server kynntur.

Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta. Námið undirb r nemendur fyrir próf sem gefur gráðuna **„Microsoft Certified Professional"**.

- **Kvöldnámskeið**
  Mán. og mið. 18-22 og lau. 13-17
  Byrjar 13. apríl og lýkur 25. maí.

ntv.is

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**







■ KVIKMYNDIR

**BJORN ALMROTH** Almroth í hlutverki sínu í myndinni A Hole in my Heart.

# Góðir gestir á kvikmyndahátíð

Bjorn Almroth, einn af aðalleikurum myndarinnar A Hole in my Heart og Mark Vicente, einn af þremur leikstjórum What the #$*! Do We Know? munu heimsækja Ísland um næstu helgi í tilefni af sýningum myndanna á Iceland International Film Festival sem hefst á fimmtudag.

A Hole in my Heart er leikstýrt af Lukas Moodysson sem á meðal annars að baki myndirnar Tillsammans, Fucking Åmål og Lilya 4-ever. Myndin fjallar um fjórar utangarðsmanneskjur sem kúldrast í lítilli blokkaríbúð við drykkju og annan ólifnað. Þær eiga sér drauma eins og og aðrir og ákveða að heimagerð klámmynd sé rétta leiðin til að slá í gegn. Bjorn Almroth, sem er 19 ára, leikur soninn sem þarf að horfa upp á pabba sinn og tvo vini hans hella sér út í gerð klámmyndarinnar og sjá allt smám saman leysast upp í vitleysu.

What the #$*! Do We Know? er blanda af leikinni mynd, heimildarmynd og teiknimynd. Fjallar hún að mestu leyti um tilgang lífsins og skammtafræði. Var hún fjármögnuð af leikstjórunum þremur því enginn hafði trú á að hún myndi öðlast vinsældir.

Bjorn Almroth mun svara spurningum áhorfenda á sýningu á A Hole in my Heart næsta föstudag kl. 22:00 í Háskólabíói en daginn eftir mun Mark Vicente svara spurningum á sýningu What the #$*! do we Know? kl. 20:00 í Regnboganum. ■

■ SJÓNVARP

# Fara Birgitta og Logi í bað?

Birgitta Haukdal, söngkona Írafárs, mun hlaupa í skarðið fyrir Sveppa í þættinum Strákarnir á Stöð 2 í fyrsta sinn í kvöld en ekki annað kvöld eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum. Síðari þátturinn með Birgittu verður síðan á dagskrá annað kvöld.

Gaman verður að sjá hvort Birgitta þurfti að fækka fötum og skella sér í baðkarið alræmda í kvöld því ef áskorunarhjólið lendir á andliti Sveppa þarf hún að súpa seiðið af því.

Sveppi er um þessar mundir að æfa fyrir leikritið Kalli á þakinu sem verður frumsýnt í lok apríl og þarf því að taka sér pásu frá Strákunum bæði í þessari viku og þeirri næstu. Þá verður það enginn annar en Logi Bergmann Eiðsson, fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu, sem mun feta í fótspor Birgittu sem gestastjórnandi. Hann gæti einnig þurft að dýfa tánni ofan í baðkarið en sjónvarpsáhorfendur þurfa að bíða aðeins lengur eftir því að sjá hvort af því verði. ■



**LOGI BERGMANN EIÐSSON** Logi gæti þurft að demba sér ofan í baðkarið alræmda í næstu viku.


» FASTUR
birta
» PUNKTUR










**GIACOMO CASANOVA**
(1725-1798) fæddist á þessum degi.



*„Hjónabandið er grafhýsi ástarinnar.“*

***Ítalski rithöfundurinn og hjartaknúsarinn Giacomo Casanova framdi nokkur „grafarrán“ um ævina og það kom honum oft um koll að hann lét hjúskaparstöðu þeirra kvenna sem hann hreifst af sig litlu varða.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Churchill segir af sér*

Þennan dag árið 1955 sagði Winston Churchill af sér sem forsætisráðherra Bretlands. Hann var 81 árs og dró sig í hlé sökum heilsubrests. Arftaki hans var Anthony Eden. Winston Churchill hóf afskipti sín af stjórnmálum árið 1900 og settist á þing fyrir Íhaldsflokkinn. Sex árum síðar sagði hann sig úr flokknum og gekk til liðs við Frjálslynda, en þegar hann varð forsætisráðherra árið 1940 hafði hann gengið aftur í Íhaldsflokkinn. Á meðan seinni heimsstyrjöldinni stóð sat samsteypustjórn í Bretlandi sem Churchill veitti forsæti og er hans jafnan minnst fyrir staðfestu sína á stríðsárunum. Samsteypustjórnin splundraðist í stríðslok og Churchill var beðinn um að mynda nýja ríkisstjórn sem skyldi sitja fram að kosningum seinna um árið. Verkalýðsflokkurinn gjörsigraði Íhaldsflokkinn hins vegar í kosningunum árið 1945 og Clement Attlee varð forsætisráðherra. Hann sat til ársins 1951 þegar Churchill tók aftur við sem forsætisráðherra, þá 77 ára gamall. Hann var aðlaður árið 1953 fyrir þjónustu sína við land sitt og þjóð. Churchill sat áfram á þingi eftir að hann steig úr stóli forsætisráðherra og settist ekki í helgan stein fyrr en árið 1964. Hann lést á heimili sínu í janúar árið 1965, níræður að aldri. Árið 2002 var Winston Churchill útnefndur merkilegasti Breti allra tíma í skoðanakönnun sem rúmlega milljón manns tóku þátt í.



**WINSTON CHURCHILL**

## MERKISATBURÐIR

**1939** Öllum þýskum börnum á aldrinum 10 til 13 ára er gert að starfa í Hitlersæskunni.
**1940** Hægri umferð samþykkt á Alþingi. Skipta átti úr vinstri umferð í ársbyrjun 1941, en hætt við það vegna hernáms Breta, sem vanir voru vinstri umferð.
**1968** Lög um lækkun kosningaaldurs til Alþingis úr 21 ári í 20 ár staðfest.
**1973** Pierre Messmer verður forsætisráðherra í Frakklandi.
**1976** Íslendingar bera fram kærur í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna árekstra við Breta á Íslandsmiðum.
**1986** Flugvél ferst í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi, fimm farast, en tveir komast af mikið slasaðir. Vélin var á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur.

## AFMÆLI



**Bárður Árni Steingrímsson**, Brekkubraut 3, Keflavík, er sextugur í dag. Hann tekur á móti gestum í Háskóla Íslands frá hálf sjö til hálf níu „að hætti Sjávardýrasala.“

**Gísli J. Ástþórsson** blaðamaður og rithöfundur er 82 ára í dag.

**Hjálmar W. Hannesson** sendiherra er 59 ára í dag.

**Arnþór Helgason** framkvæmdastjóri Örykjabandalags Íslands er 53 ára í dag.

**Gísli Helgason** tónlistarmaður er 53 ára í dag.



**Lilja Þórisdóttir** leikkona er 51 árs í dag.

**Sigurlás Þorleifsson** knattspyrnumaður er 48 ára í dag.



**Eggert Skúlason** fyrrum fréttamaður, framkvæmdastjóri EMAX, er 42 ára í dag.



†

*Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,*

**Erlendur Sigmundsson**

fyrrum prófastur og biskupsritari,

andaðist föstudaginn 1. apríl.

**Margrét Erlendsdóttir** **Helgi Hafliðason**
**Álfhildur Erlendsdóttir** **Eymundur Runólfsson**



†

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna fráfalls og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Friðriks Guðmundssonar**

fv. tollvarðar, Sunnuvegi 9, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 3. hæð á Sólvangi fyrir frábæra umönnun og vináttu árin sem hann dvaldi þar. Guð blessi ykkur öll.

**Elín Kristbergsdóttir,**
**Kristján S. Sigurgeirsson** **Þorgerður Erlendsdóttir**
**Friðrik Friðriksson** **Guðrún Helga Sigurðardóttir**
**Herborg Friðriksdóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

## Totus tuus

(Allur þinn – einkunnarorð páfa)

Með sorg í huga en jafnframt þakklæti fyrir trúa þjónustu hans minnumst við

***Jóhannesar Páls II. páfa.***

Hann leiddi kaþólsku kirkjuna frá 2. október 1978 til 2. apríl 2005 sem staðgengill Jesú Krists á jörðu.

Við munum minnast hans í heilagri sálumessu í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti miðvikudaginn 6. apríl nk. kl. 18.00. Allir þeir sem vilja kveðja hinn heilaga föður eru hjartanlega velkomnir til þeirrar athafnar.

**Reykjavík, 3. apríl 2005, Jóhannes Gijsen Reykjavíkurbiskup**

**TÍMAMÓT:** FYRSTIR ÍSLENDINGA Á NORÐURPÓLINN

# Ekki fjörlegasti staður jarðar

Í gær voru liðin tíu ár frá því að Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari og Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur komust á norðurpólinn, fyrstir Íslendinga. Báðir komu þeir af fjöllum þegar þegar þeir voru spurðir hvernig þeir ætluðu halda upp á daginn. „Ja, hérna eru komin tíu ár? Naumast að tíminn líður,“ segir Ari Trausti. „Ég held að það sé alveg gráupplagt að fá sér einn kaldan í tilefni dagsins,“ segir Ragnar hlæjandi.

Ari og Ragnar voru hálfan mánuð á leið út á pólinn, en ferðalagið var sambland af flugferðum, sleðaferðum og göngum. „Við vorum því ekki fyrstu Íslendingarnir til að ganga á pólinn, það var Haraldur Örn Ólafsson,“ segir Ari.

Ragnar og Ari hafa þekkst lengi; unnið og ferðast mikið saman á fjarlægum slóðum, oftar en ekki þar sem fimbulkuldi er. Ari segist þó aldrei hafa greint þennan áhuga sinn sérstaklega. „Þetta er sambland af mörgu. Ég er alinn upp við ferðalög á hálendi, fór í nám sem tengdist fjöllum og svo er þetta auðvitað bara hrein ævintýramennska.“ Ragnar segist kunna betur við sig á köldum slóðum en heitum. „Ég þoli ekki við í miklum hita og vill frekar vera kappklæddur en á stuttbuxum.“



FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

**ARI TRAUSTI ÁSAMT SAMFERÐAMÖNNUM** Ari ferðaðist mikið með foreldrum sínum og er haldinn mikilli ævintýraþrá.



**RAGNAR TH. SIGURÐSSON** Líkar mun betur við kaldar slóðir en heitar.

Þeir kumpánar eru þó sammála um að Norðurpóllinn sé ekki fjörlegasti staðurinn á jörðinni. „Þeir eru vissulega til meira spennandi,“ segir Ari Trausti. „Toppurinn væri K2. Það er næststærsta fjall heims en mun erfiðara að klífa það en Everest-fjall.“ Báðir eru þeir félagar spenntir fyrir suðurskautinu og stefna þangað í náinni framtíð. Ari Trausti gerir þó ráð fyrir að fara til Suður-Ameríku og Kákasusfjalla áður en að því kemur. Ragnar stefnir á suðurskautið strax næsta vetur. „Þetta mun skýrast á næstunni en það væri algjör draumur að komast þangað með myndavélina.“ ■

# Pekingáætlunin til umræðu

Svokallað „hitt“ Femínistafélags Íslands verður haldið klukkan átta í kvöld á efri hæð Kaffi Sólons í Reykjavík, en svo eru nefndir umræðufundir félagsins. Að þessu sinni verður tekin til umræðu Pekingáætlunin – framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, sem rædd var í New York í síðasta mánuði í tilefni 10 ára afmælis áætlunarinnar.

„Þúsundir fulltrúa ríkisstjórna og frjálsra félagasamtaka frá öllum heimshornum sóttu tveggja vikna langan fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem helgaður var tímamótunum,“ segir í tilkynningu félagsins og tekið fram að fulltrúar héðan sem fylgdust með fundinum segi frá honum.



**WWW.FEMINISTINN.IS** Á vef Femínistafélags Íslands er hægt að lesa sér til um „hittið“ sem félagið stendur fyrir í kvöld.

Til máls taka Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi; Guðrún Jónsdóttir, hjá Stígamótum; Friðbjörg Ingimarsdóttir, úr stjórn KRFÍ; og Margrét Pétursdóttir, ráðskona í Femínistafélaginu. ■

## ANDLÁT

**Salbjörg Magnúsdóttir**, Hringbraut 50, Reykjavík, lést laugardaginn 26. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Hannes Alfonsson**, blikksmiður, Hamraborg 30 A, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.
11.00 **Ingibjörg Adolfsdóttir**, Austurbrún 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.
11.00 **Svana R. Guðmundsdóttir**, Túngötu 23, Suðureyri, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.
13.00 **Ásta Eygló Stefánsdóttir**, fv. bankastarfsmaður, leiðsögumaður og frönskukennari, Neshaga 15, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.
13.00 **Helga Sigríður Gísladóttir**, Hæðargarði 2, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.
13.00 **Margrét Unnur Sveinsdóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.



**ÁRBÆJARKIRKJA** Fyrsta lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar 2004 – 2005 fer fram í Árbæjarkirkju síðdegis í dag. Nemendur 7. bekkjar grunnskóla keppa í upplestri, en Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, standa að keppninni.

# Lokahátíð upplestrarkeppni

Lesið verður úr verkum Guðrúnar Helgadóttur og Jóhannesar úr Kötlum á lokahátíðum Stóru upplestrarkeppninnar 2004 – 2005, en sú fyrsta fer fram í Árbæjarkirkju klukkan fjögur síðdegis í dag. Nemendur í 7. bekk grunnskóla keppa í upplestri, en lokahátíðirnar verða 33 á jafnmörgum stöðum víðsvegar um land og standa til 29. apríl.

„Á hátíðunum munu nemendur í 7. bekk, sem valdir hafa verið úr skólum byggðarlagsins, lesa brot úr skáldverki og ljóð. Að lokum mun dómnefnd velja þrjá bestu upplesarana og veita verðlaun. Auk þess koma fram ungir hljóðfæraleikarar og aðrir ungir listamenn,“ segir í tilkynningu Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn. Samtökin standa að Stóru upplestrarkeppninni í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara um land allt. Styrktaraðilar eru Edda útgáfa, Flugfélag Íslands, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Kennaraháskóli Íslands, menntamálaráðuneytið, Mjólkursamsalan, Reykjanesbær, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar og Sparisjóðirnir.

„Á lokahátíð er lesið í þremur umferðum. Í fyrstu umferð er lesnar svipmyndir úr sögunni Öðruvísi dagar eftir Guðrúnu Helgadóttur. Í annari umferð lesa þátttakendur ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum og í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali,“ segir í tilkynningu og tekið fram að gestir séu velkomnir á meðan húsrúm leyfir. ■








**Aðal leikur dagsins**

**Hafnarfjarðarslagur í handboltanum**

Haukar og FH mætast á Ásvöllum, heimavelli Hauka, í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta í kvöld. Haukar urðu deildarmeistarar en FH-ingar tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni eftir sigur á Víkingi í umspili en það skiptir ekki máli þegar þessi lið mætast. Þá snýst allt um heiðurinn.

# sport

sport@frettabladid.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Kvennahandboltinn*

GRÓTTA/KR–STJARNAN 17–15 (4–11)

**Grótta/KR:** Ragna Sigurðardóttir 5, Eva Margrét Kristinsdóttir 4, Arna Gunnarsdóttir 3/2, Gerður Rún Einarsdóttir 2, Inga Dís Sigurðardóttir 2/2, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 1. Sóley Halldórsdóttir varði 6 skot í fyrri hálfleik en Íris Björk Símonardóttir varði 12/1 í þeim seinni. sem Grótta/KR vann með 9 mörkum, 13–4.
**Stjarnan:** Kristín Guðmundsdóttir 4/2, Hekla Daðadóttir 4/4, Anna Blöndal 2, Hind Hannesdóttir 2, Kristín Clausen 2, Ásdís Sigurðardóttir 1 Jelena Jovanavic varði 24/3 skot, 15 þeirra í fyrri.

FRAM–HAUKAR 17–30 (8–16)

**Markahæstar:** Ásta Birna Gunnarsdóttir 5/1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4/2 – Hanna G. Stefánsdóttir 11/3, Anna Halldórsdóttir 4, Harpa Melsted 4, Martha Hermannsdóttir 4/3, Inga Fríða Tryggvadóttir 3. **Haukar** eru komnir í undanúrslit ásamt Val og ÍBV.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

2 3 4 **5** 6 7 8

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **ÍR** og **KA** mætast í Austurbergi í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 19.15 **Haukar** og **FH** mætast á Ásvöllum í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 19.15 **Valur** og **HK** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **Fram** mætast í Vestmannaeyjum í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 18.00 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- 18.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Beint frá leik **Liverpool** og **Juventus** í meistaradeildinni.
- 18.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn 2. Beint frá leik **Lyon** og **PSV Eindhoven** í meistaradeildinni.
- 20.40 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Lyon** og **PSV Eindhoven** í meistaradeildinni.
- 22.30 **Olíssport** á Sýn.
- 23.45 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Liverpool** og **Juventus** í meistaradeildinni.






KEFLAVÍK Í KÖRFUNNI: HÓTANIR MEÐ SMS-SENDINGUM OG SÍMTÖLUM ORÐIÐ DAGLEGT BRAUÐ

# *Gerum allt til að stoppa þetta*

Mikla athygli vakti þegar leikmönnum úr körfuknattleiksliði ÍR var hótað með SMS-sendingum meðan á undanúrslitunum í Intersportdeildinni stóð þar sem liðið átti í höggi við Keflavík. Þetta er annað árið í röð þar sem stuðningsmenn úr röðum Keflvíkinga eru staðnir að slíkum sendingum en Hlynur Bæringsson, leikmaður Snæfells, mátti þola hótanir með sama hætti á síðasta ári þegar Snæfell mætti Keflavík í úrslitum. „Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að tækla þetta mál,“ sagði Hermann Helgason, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

„Þetta viljum við ekki sjá í körfuboltanum, hvort sem það er tengt okkar liði eða einhvers annars. Við höfum orðið okkur úti um þessi símanúmer sem hringt var úr til leikmanna ÍR-liðsins en því miður voru engin nöfn skráð þar á bak við.“



Hermann segir athæfið setja dökkan blett á íþróttina og að stjórn Keflavíkur harmi að þetta hafi átt sér stað. „Þetta er því miður alþekkt þegar menn eru komnir í úrslitin og líklegt að þarna séu á ferðinni aðilar sem að sækja ekki leiki. Það þarf ekkert endilega að vera að þetta séu Keflvíkingar heldur,“ sagði Hermann sem fullyrti að þetta væri ekkert nýtt af nálinni. „Menn á borð við Teit Örlygsson og Jón Kr. Gíslason þurftu að þola símhringingar á nóttu sem degi þegar Keflavík og Njarðvík mættust í úrslitum hér áður. Svona mál á náttúrlega að útkljá á vellinum en ekki með svona leiðindum. Við stöndum ekki fyrir svona hlutum,“ sagði Hermann.

### > Við gleðjumst yfir ...



... körfuboltanum sem er boðið upp á þessa daganna í úrslitaeinvígi Keflavíkur og Snæfells. Tvö frábær lið setja á svið körfuboltasýningu í hver skipti sem þau mætast og næsta sýning verður sett á svið í Keflavík á fimmtudaginn.

### > Við hrósum ...

... hinum 17 ára unglingalandsliðsmarkverði Gróttu/KR sem lokaði markinu í öðrum leik liðsins gegn Stjörnunni í átta liða úrslitum DHL-deildar kvenna í gær. Íris Björk Símonardóttir kom inn í markið í hálfleik í stöðunni 4–11 fyrir Stjörnuna, varði 12 af 16 skotum í seinni hálfleik og lagði grunninn að 17-15 sigri



# Snæfell jafnaði metin í spennuleik

**Snæfell vann annan leik lokaúrslita Intersportdeildarinnar með fjórum stigum, 97–93, í æsispennandi leik í Stykkishólmi í gær. Snæfell vann lokaleikhlutann með 9 stigum og tryggðu sér sigurinn í lokin.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfell tók á móti Keflavík í öðrum leik lokaúrslitanna í Intersportdeildinni í körfuknattleik. Keflavík vann fyrsta leikinn og því lykilatriði fyrir Snæfellinga að fara með sigur af hólmi. Það hafðist eftir mikla baráttu og lokamínútur leiksins voru æsispennandi. Lokatölur urðu 97-93.

Snæfell byrjaði betur, leitaði meira inn í teiginn en í fyrsta leiknum og ef til tvídekkunar kom rataði boltinn til bakvarða Snæfells sem nýttu færin vel. Pálmi Freyr Sigurgeirsson skoraði 9 af fyrstu 17 stigum Snæfells sem náði mest 10 stiga forystu í fyrsta fjórðung. Gestirnir áttu erfitt uppdráttar gagnvart varnarleik Snæfells til að byrja með en voru þó aldrei langt undan. Snæfellingar misstu einbeitinguna um stundarsakir, Keflavík hjó í muninn og staðan eftir fyrsta leikhluta var 27-24. Það tók Keflavík innan við mínútu að ná forystunni í öðrum fjórðungi. Elentínus Margeirsson kom inn á hjá Keflvíkingum, spilaði sterka vörn og barði sína menn áfram. Þá var Gunnar Einarsson drjúgur og skoraði nokkrar góðar körfur. Leikurinn hélst nokkuð jafn á þessum tíma og staðan í leikhléi var 44-42 Snæfelli í vil.

Snæfell hóf seinni hálfleikinn með 9-2 áhlaupi og jók forystuna í 7 stig. Töluverður hiti færðist í leikinn um miðjan þriðja fjórðung og voru bæði lið föst fyrir í vörninni. Nick Bradford átti margar laglegar hreyfingar þar sem hann sneri á vörn Snæfells, gríðarlega fjölhæfur leikmaður þar á ferð sem lætur sér ekki nægja að gleðja áhorfendur með þristum, troðslum og sendingum heldur samkjaftar allan leikinn, bæði við áhorfendur og leikmenn. Keflavík náði mest 8 stiga forystu í þriðja fjórðung. Staðan eftir þriðja, 68-73.

### Æsispenna í lokin

Lokamínútur leiksins voru æsispennandi. Mike Ames kom Snæfelli einu stigi yfir, 92-91, þegar ein mínúta og 20 sekúndur voru til leiksloka. Gunnar Einarsson kom Keflavík yfir úr hraðaupphlaupi. Þegar hálf mínúta var eftir skoraði Sigurður Þorvaldsson þriggja stiga körfu og breytti stöðunni í 95-93. Magnúsi Gunnarssyni voru mislagðar hendur þegar Keflvíkingar gerðu tilraun til að jafna leikinn og Sverrir Þór Sverrisson braut á Ames þegar 16 sekúndur voru eftir. Lokatölur urðu 97-93.

„Þetta var hörkubaráttuleikur og þeir unnu. Gott hjá þeim. Við vorum óheppnir í lokin og þetta hefði getað dottið okkar megin. Við vorum ekki nógu skynsamir á síðustu sekúndum og svona er þetta bara,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur.

„Þetta var baráttuleikur út í gegn og mér fannst menn vera mjög einbeittir þó þetta hafi ekki allt rúllað fyrir okkur. Þetta var hörkuleikur í hörkueinvígi og við spiluðum vel í kvöld. Við vorum afslappaðri í þessum leik og við ætlum að halda því áfram.“

**smari@frettabladid.is**

### *Intersportdeildin - úrslit*

SNÆFELL–KEFLAVÍK 97–93

**Stig Snæfells:** Mike Ames 20 (6 stoðsendingar), Calvin Clemmons 20, Hlynur Bæringsson 18 (17 fráköst, 7 stoðsendingar), Sigurður Þorvaldsson 15, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 11, Magni Hafsteinsson 9, Helgi Reynir Guðmundsson 2.
**Stig Keflavíkur:** Nick Bradford 24 (8 fráköst, 6 stoðsendingar), Jón Nordal Hafsteinsson 16 (11 fráköst, 6 í sókn), Gunnar Einarsson 16, Magnús Þór Gunnarsson 14, Anthony Glover 13, Sverrir Þór Sverrisson 6, Arnar Freyr Jónsson 2.

*Staðan er jöfn* í einvíginu, 1–1, og næsti leikur fer fram í Keflavík á fimmtudaginn kemur.



**ALLT JAFNT Á NÝ** Bárður Eyþórsson stjórnaði lærisveinum sínum í Snæfelli til sigurs í öðrum leiknum í úrslitaeinvíginu gegn Keflavík og því er allt jafnt eftir tvo leiki. Snæfellingar voru sterkari á lokamínútunum í Hólminum í gær en það var mikil spenna í leiknum allt frá upphafi til enda. Fréttablaðið/E.Ól.

Úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta byrjar í kvöld með fjórum leikjum:

# Gaflarar berjast á banaspjótum

**HANDBOLTI** Lokahnykkurinn á löngu handboltatímabili byrjar í kvöld þegar átta liða úrslit í DHL-deild karla hefjast en öll átta liðin verða í eldlínunni í kvöld. Íslandsmeistarar Hauka hefja sína baráttu gegn nágrönnum og erkifjendunum í FH en fyrsti leikurinn fer fram á Ásvöllum.

FH-ingar eru ekki taldir líklegir til afreka í þessari rimmu enda tryggðu þeir sér sæti í úrslitakeppninni með naumum sigri á Víkingi í umspili en á sama tíma sigruðu Haukar úrvalsdeildina. Styrkleikamunurinn er því ansi mikill en allt getur gerst í úrslitakeppninni þar sem lítið svigrúm er fyrir mistök.

Sú rimma sem fyrir fram er talin mest spennandi er viðureign Vals og HK. Bæði lið hafa verið frekar óstöðug í vetur en miklar væntingar voru gerðar til HK-liðsins og þeim var meðal annars spáð Íslandsmeistaratitlinum af forráðamönnum liðanna síðasta haust. Það hefur hallað undan fæti hjá Kópavogsbúum í síðustu leikjum en Valsmenn hafa verið að styrkjast frekar en annað upp á síðkastið.



**HVAR Á ÉG AÐ SETJA BOLTANN?** ÍR-ingurinn Ragnar Helgason sést hér í leik gegn ÍBV fyrr í vetur. Hann verður í eldlínunni með sínum mönnum gegn KA í kvöld.

Rimma ÍR og KA verður einnig áhugaverð en bikarmeistarar ÍR mæta til leiks með laskað lið en landsliðsmaðurinn Ingimundur Ingimundarson mun reyna að leika meiddur í úrslitakeppninni en hann þarf að fara í speglun fyrr frekar en síðar.

ÍBV hefur verið á stöðugri uppleið í allan vetur og þeir eru margir sem spá því að þeir fari langt í vetur. Sérstaklega eftir að þeir fengu stórskyttuna Tite Kalandadze í sínar raðir. Eyjamenn taka á móti Fram sem tryggði sér sæti í úrslitakeppninni með því að sigra 1. deildina. Framarar tefla fram frekar ungu liði og mat sérfræðinga er að þeir verði auðveld bráð fyrir lið ÍBV. **- hbg**

Kvennahandboltinn:

# Íris breytti öllu á Nesinu

**HANDBOLTI** Haukakonur tryggðu sér sæti í undanúrslitum DHL-deildar kvenna með 13 marka sigri á Fram, 17-30, í öðrum leik liðanna í 8 liða úrslitum í gær en á Nesinu vann Grótta/KR 17-15 sigur á Stjörnunni og liðin mætast því í úrslitaleik á miðvikudaginn.

17 ára markvörður Gróttu/KR, Íris Björk Símonardóttir, lokaði markinu í seinni hálfleik, varði þá 12 af 16 skotum og sá til þess að Grótta/KR vann upp sjö marka forskot og tryggði sér oddaleik á miðvikudag. Íris varði öll skot utan af velli nema eitt.

„Ég er í skýjunum og hálforðlaus yfir þessu, því það á ekki að vera hægt að koma svona til baka. Stelpurnar sýndu mikinn andlegan styrk, ég sá engan uppgjafarsvip á neinni í liðinu þótt við værum sjö mörkum undir í hálfleik og etta var síðan ótrúlega glæsileg innkoma hjá Írisi,“ sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR. ■

# Slagurinn sem vekur upp 20 ára gamlar minningar

**Leikur Liverpool og Juventus í meistaradeildinni í kvöld vekur upp minningar um harmleikinn á Heysel-leikvanginum í Brüssel fyrir tuttugu árum.**

**FÓTBOLTI** Átta liða úrslit meistaradeildarinnar hefjast með tveimur leikjum í kvöld. Franska liðið Lyon, sem tók Werder Bremen í bakaríið í sextán liða úrslitum, tekur á móti PSV frá Hollandi og Juventus sækir Liverpool heim á Anfield.

Viðureign Liverpool og Juventus vekur upp tuttugu ára gamlar minningar frá viðureign liðanna í úrslitum Evrópukeppni meistaraliða á Heysel-leikvanginum í Brüssel þar sem 39 manns létu lífið í óeirðum sem brutust út áður en flautað var til leiks. Leikurinn var spilaður og fór Juventus með sigur af hólmi, 1-0. Atburðurinn hafði þau áhrif að ensk lið voru bönnuð frá keppni í Evrópu næstu fimm árin á eftir.

Mikið hefur verið fjallað um atburðina á Heysel-leikvanginum í undanfara leiksins í kvöld og hefur sú umræða nánast kaffært leikinn sjálfan og mikilvægi hans. Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, segist varla geta beðið eftir því að flautað verði til leiks og hefur heitið því að Liverpool muni gera meira en að mæta til leiks.

„Ég veit að við mætum til leiks gegn Juventus sem litla liðið. Ég hef hins vegar talað við David Beckham og Michael Owen um það hvernig Juventus spilaði gegn Real Madrid og þeir sögðu báðir að við hefðum ekkert að óttast. Það er hins vegar mikilvægt að ég spili eins og ég geti best. Ég lifi fyrir svona stórleiki og vill komast sem lengst í keppninni. Við ætlum okkur að gera meira en mæta bara heldur gera allt sem við getum til að slá Juventus út,“ sagði Gerrard.

Gus Hiddink, þjálfari PSV, sagðist gera sér grein fyrir því að það yrði erfitt að vinna Lyon í Frakklandi. „Lyon er með frábært lið en vonandi náum við að halda aftur af því og fara með gott veganesti í seinni leikinn.“ ■



**STEVEN GERRARD** Miklu máli skiptir að fyrirliði Liverpool og besti maður liðsins nái sér á strik í leiknum gegn Juventus í kvöld.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Miele fer betur með þvottinn

Nú fást Miele þvottavélar á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð: kr. 89.900

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele W405 þvottavélar fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

...bara á flugfelag.is

6. - 12. apríl

Milli Reykjavíkur og AKUREYRAR 4.999 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og EGILSSTAÐA 5.999 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og ÍSAFJARÐAR 4.899 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR 7.399 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og GRÍMSEYJAR 6.399 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA | Bandalag snáksins

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SÉR FRAM Á AÐ GAMALL DRAUMUR MUNI RÆTAST.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það er fátt sem mér finnst jafn viðbjóðslegt og fjöldasamkomur og þegar hátíðarhöld í miðborg Reykjavíkur eru frátalin leiðast mér engar samkomur meir en tónleikar.

Það er aðeins ein hljómsveit í heiminum sem ég hef raunverulegan áhuga á að sjá á sviði og það er „eitís“ hljómsveitin Duran Duran. Ég var nú löngu búinn að gefa upp alla von um að sá draumur yrði að veruleika en nú er allt útlit fyrir að sveitin sé að koma hingað í sumar. Þetta er að vísu 20 árum of seint en ég mæti samt enda verður þetta æði.

Illar tungur hafa í gegnum árin reynt að gera það hallærislegt að fíla Duran Duran en ég lýsi yfir fullum stuðningi við fimmmenningana frá Birmingham eins og gamla fólkið gerir við Presley, Rolling Stones og Bítlana. Ég er meðlimur í félaginu Bandalag snáksins, samtök fólks sem þorir að gangast við Duran Duran en það gerum við ekki síst vegna þess að framlag þeirra er nefnilega merkilegra en margir gera sér grein fyrir og þeir báru höfuð og herðar yfir alla aðra í lagasmíðum, textagerð og tónlistarmyndböndum á níunda áratug síðustu aldar sem er stórlega vanmetið tímabil í tísku- og tónlistarsögunni.

Á þessum árum átti maður daglega von á dauða sínum í kjarnorkustyrjöld. Ronald Reagan var forseti Bandaríkjanna og leit á Rambo sem uppskrift að lausn milliríkjadeilna og heimurinn var allur almennt á heljarþröm. Alnæmið skaut upp kollinum og það var allt að fara til andskotans en á meðan kraumaði lífsgleði í bland við rómantískan trega í tónlistinni.

Lífið gengur í hringi og nú er allt aftur að fara til andskotans og þá koma þessar hetjur mínar loksins til landsins. Þetta er karma og í sumar fer ég á popptónleika og get sungið með vegna þess að ég kann alla textana. Þetta er nefnilega þegar upp er staðið yndislegt líf þó Bush hafi tekið við af Reagan, Osama bin Laden gangi laus og Kárahnjúkar séu að sökkva. ■
















## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott



# Galdur leikhússins



**ÖRN ÁRNASON Í EINU AF HLUTVERKUM SÍNUM** Valgeir Skagfjörð brá sér á Klaufa og kóngsdætur, heillandi ævintýrasýningu Þjóðleikhússins í tilefni af tveggja alda afmæli H. C. Andersens.

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Klaufar og kóngsdætur**
Þjóðleikhúsið

**Höfundar:** Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason **Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir **Leikmynd:** Frosti Friðriksson **Búningar:** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir **Tónlistarstjórn:** Jóhann G. Jóhannsson **Brúður og brúðuleikstjórn:** Bernd Ogrodnik **Lýsing:** Páll Ragnarsson **Leikarar:** Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Kjartan Guðjónsson, Randver Þorláksson, Sigurður Skúlason, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þórunn Lárusdóttir og Örn Árnason. Hljóðfæraleikarar: Hjörleifur Valsson, Jóhann G. Jóhannson og Tatu Kantoma.

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og mannbætandi ævintýrasýning fyrir alla fjölskylduna.

Það er alveg kjörið að færa upp leiksýningu fyrir börn byggða á ævintýraheimi hins ástsæla danska skáldjöfurs H.C. Andersen á 200 ára afmælisárinu. Engin smá hátíð sem Danirnir slógu upp til að minnast hans. Það er heldur enginn smá sjóður sem hann hefur skilið eftir sig og í þann sjóð hafa margir listamenn sótt. Sögur hans hafa verið uppspretta leiksýninga, óperusýninga, kvikmynda, teiknimynda, balletta og svo mætti lengi telja. Þeir Ármann, Sævar og Þorgeir eru makalaust þríeyki sem hefur marga fjöruna sopið í leiklistarheiminum og fá hér verðugt tækifæri til að vinna handrit upp úr sagnasjóði H.C. Andersen. Samstarf þeirra virðist alltaf gefast vel og hér eru þeir mættir, góðglaðir, hnyttnir, fyndnir, með prýðis ljóðlínur og laglínur á hraðbergi. Í eðli sínu eru sögur H.C. Andersens afar leikrænar og þær liggja því vel fyrir hvers konar sviðsetningum. Enda er það ekki síst upplifun hans af leikhúsi í æsku sem verður honum innblástur til að skrifa. Sögur hans enn í dag flytja okkur sígildan boðskap um ótal margt sem er samofið mannlegu eðli og birtist í því hvernig maðurinn hegðar sér við hinar ýmsu kringumstæður og sýna okkur svo margt sem við þekkjum en erum oft svo blind á í eigin fari. En ekki síst það sem Hans Christian Andersen sjálfur þurfti að upplifa á sinni tíð og okkur er tíðrætt um á vorum dögum – einelti og fordóma. Kannski er hann að segja okkur að það sé manninum nauðsynlegt að hlúa að sínum dýpsta kærleik án tillits til þess hvað öðrum kunni að finnast um það og aðeins þannig öðlast hann frelsið sem hann leitar svo ákaft að eins og litli ljóti andarunginn. Leiðina til sjálfs sín finnur hann aðeins upp á eigin spýtur.

Þjóðleikhúsið hefur fengið Ágústu Skúladóttur það verkefni að setja saman leikhóp til að sviðsetja verk þeirra félaga sem þeir byggja á sex völdum ævintýrum. Úr mörgu er að velja og má vera að sitt sýnist hverjum um það val. Það eru engu að síður þessi sex sem lifna á sviði Þjóðleikhússins fyrir tilstilla frábærra leikara og hljóðfæraleikara. Leikmynd Frosta Friðrikssonar er ævintýralega falleg en samt svo einföld og lýsingin bætir um betur. Litir í búningum eru sérlega smekklegir og úthugsaðir. Hreyfingar leikaranna, söngur, leikur, persónusköpun og leikgleði er til fyrirmyndar í þessari sýningu og vinna leikstjórans þess eðlis að ekki er annað hægt en að hrópa bravó. Hér þarf ekki að tíunda frammistöðu hvers leikara. Það er mikil breidd í aldri og reynslu innan hópsins og það gerir hann svo skemmtilega áhugaverðan að fylgjast með. Allir njóta sín eins vel og kostur er. Þessi samvinna hópsins verður töfrum líkust og úr verður leikhúsveisla fyrir börn jafnt sem fullorðna. Um tíma gleymdi ég því að vera fullorðinn og leyfði mér bara að vera barn sem upplifði ósvikinn galdur leikhússins. Ég get ekki orða bundist yfir leikbrúðumeistaranum. Hann er mikill fengur fyrir íslenskt leikhús. Ég vil einnig hrósa þeirri dirfsku höfundanna að láta flytja sögu litlu stúlkunnar með eldspýturnar í bundnu máli. Það veitir ekki af að þjálfa brageyra íslenskra barna, enda var hún meistaralega flutt af Sigurði Skúlasyni í hlutverki H.C.Andersens sjálfs. Skemmtileg og mannbætandi ævintýrasýning fyrir alla fjölskylduna. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

2 3 4 **5** 6 7 8

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

19.30 Fjölmargar fjalla- og ævintýramyndir verða sýndar í Smárabíói í kvöld og annað kvöld á hinni árlegu **Banff fjallamyndahátíð** á vegum Íslenska alpaklúbbsins. sem valdar úr þúsundum innsendra mynda. Sumar myndanna eru æsipennandi og fara með fólk á ystu mörk.

### TÓNLEIKAR

20.00 Breski píanóleikarinn **Philip Jenkins** og klarinettuleikarinn **Einar Jóhannesson** leika báðar klarinettusónötur Johannesar Brahms á tónleikum í Norræna húsinu. Einnig leika þeir Fantasíu op 73 eftir Robert Schumann og fjöruga ungverska dansa eftir ungverska tónskáldið Draskóczy.

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Ragnhildur Arnljótsdóttir** ráðuneytisstjóri flytur fyrirlestur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L102 Sólborg v/Norðurslóð, um áfanga sem náðst hafa á jafnréttissviðinu hér á landi og stöðu Íslands og annarra þjóða á þessu sviði.

### TÓNLEIKAR



**VALLARGERÐISBRÆÐUR** Upprennandi karlakvartett.

# Drengjakvartett í Salnum

Þeir nefna sig Vallargerðisbræður, eru aðeins sextán ára og ætla að feta í fótspor merkisbera íslenskra karlakvartetta.

Eysteinn Hjálmarsson, Ríkharður Þór Brandsson, Þorkell Helgi Sigfússon og Örn Ýmir Arason létu það ekkert aftra sér frá því að mæta á æfingar með Skólakór Kársness þótt þeir færu í mútur fyrir fáeinum misserum.

Þórunn Björnsdóttir kórstjóri tók þá á séræfingar, og smám saman kom í ljós að raddir þeirra hentuðu ákaflega vel til þess að stofna nýjan karlakvartett.

Þeir komu fyrst fram sem leynigestir á tónleikum Álftagerðisbræðra í Salnum á síðasta ári og vöktu þvílíka lukku að ekki varð aftur snúið.

Í kvöld halda þeir sína fyrstu eiginlegu tónleika í Salnum og hefjast þeir klukkan 20. ■


Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ kynnir
MÚLAN RÚS
í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur
„Fyrir svona sýningu er bara hægt að hrópa húrra.“ Mbl. 18. mars 2005
LOKASÝNING
í dag þriðjudag 5. apríl kl. 20
Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600 frá kl. 9 - 18 virka daga
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR
Miðaverð 1500 kr.

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtudagur | 21. apríl | FRUMSÝNING | kl. 14.00 |
| - Sumardagurinn fyrsti | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| - Uppstigningardagur | | | |
| Laugardagur | 8. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 9. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

MIÐASALAN ER HAFIN
á www.borgarleikhus.is
og í síma 568 8000
Sveppi er KALLI Á ÞAKINU
Eftir Astrid Lindgren

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
MÝRARLJÓS
NOKKUR SÆTI LAUS Á LAUGARDAG!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fim. 7/4 uppselt, fös. 8/4 uppselt, lau. 16/4 uppselt, lau. 23/4 uppselt, lau. 30/4 örfá sæti laus, lau. 7/5 örfá sæti laus, fim. 12/5 örfá sæti laus, fös. 13/5 nokkur sæti laus.
MÝRARLJÓS - Marina Carr
Lau. 9/4 nokkur sæti laus, fös. 15/4 nokkur sæti laus, fim. 28/4.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Sun. 10/4 kl. 14:00 uppselt, sun. 17/4 uppselt, sun. 24/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/5 kl. 14:00.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
Mið. 6/4 örfá sæti laus, lau. 9/4 örfá sæti laus, fim. 14/4 uppselt, fös. 15/4 nokkur sæti laus, fim. 21/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh
Frumsýning mið. 13/4 uppselt, fim. 14/4 örfá sæti laus, sun. 17/4, fös. 22/4, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasalan er lokuð til þri. 29/3. Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is
Veffang: www.leikhusid.is Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Tenórinn
Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar
Föstudaginn 15. apríl kl. 20
Laugardaginn 23. apríl kl. 20
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Síðasta sýning miðvikudag 6. apríl kl. 14
Tangóball
Tangósveit Lýðveldisins í kvöld kl. 20
Tjarnarbakkinn restaurant

Ávaxtakarfan í AUSTURBÆ
Jónsi
Immi Ananas
....Ég er voldugur og líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast á við mig.
Því ég er Immi best eins og sést.
Ég ætla að verða konungur í ríkinu.....
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is
Sunudagur 10. April kl: 13:30
Sunudagur 17. April kl: 13:30
Sunudagur 24. April kl: 13:30
www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
